

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Samantekt úrskurða

2005

Ár 2005, föstudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2005**:

M.
gegn
fjármálafyrirtækinu F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. febrúar 2005 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 2. mars 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 17. mars 2005. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. maí 2005, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Frekari upplýsingar og gögn bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 31. maí 2005. Voru þau send til lögmanns sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. júní sl. og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum við þau. Bárust þær með bréfi lögmannsins, dagsettu 10. júní 2005. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 26. apríl, 6. júní, og 26. ágúst 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 5. júní 2002 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð fyrir láni samkvæmt skuldabréfi C, útgefnu af D, til varnaraðila, að fjárhæð kr. 2.680.000. Ekki var gert sérstakt greiðslumat af þessu tilefni en greiðslumat hafði verið gert fyrir D, og sambýliskonu hans 12. febrúar 2002 vegna fasteignaviðskipta þeirra og gildi það til 12. ágúst 2002. Til grundvallar því greiðslumati lágu að sögn varnaraðila skattskýrslur 1999-2001, launaseðlar síðustu þriggja mánaða, þinglýsingarvottorð vegna fasteignar D, og samningur um sölu hennar, svo og ljósrit af tveimur skuldabréfum kaupanda til hans.

Samkvæmt frásögn varnaraðila gerði nefndur D, samning við varnaraðila um heimild til sölu fasteignar sinnar, sem þá var yfirveðsett. Hvíldu á eigninni rúmar 7,4 m.kr. en ásett söluverð var 7,2 m.kr. Kveður varnaraðili greiðslubyrði áhvílandi lána hafa verið um kr. 80.000 á mánuði og láns frá varnaraðila kr. 25.000 til viðbótar og því samtals um kr. 105.000 á mánuði. Hafi D, lent í vanskilum og einn veðhafa hafið innheimtuaðgerðir. D, hafi þó náð að selja eignina og hafi orðið samkomulag milli hans og varnaraðila að varnaraðili lánaði honum fé til að greiða upp mismun á áhvílandi veðskuldum og söluverði.

Samkvæmt kaupsamningi, dagsettu 15. mars 2002, nam söluverð eignarinnar kr. 6.900.000. Skyldi það greitt þannig að kaupandi yfirtæki skuldir að fjárhæð kr. 3.610.886 og gæfi út fasteignaveðbréf skipanlegt fyrir húsbréf að fjárhæð kr. 1.909.114. Þá yrðu kr. 1.380.000 greiddar

með viðbótarláni. Skyldi nefndur D, aflétta áhvílandi veðskuldabréfi frá þriðja aðila og greiða niður veðskuld við varnaraðila um 2,7 m.kr. Fékk D, yfirdráttarlán frá varnaraðila til að geta staðið við samninginn enda þurfti að greiða upp skuldina við þriðja aðila áður en unnt var að þinglýsa nýju fasteignaveðbréfi og viðbótarláni.

Að frádregnum kostnaði runnu til D, kr. 3.129.486. Uppgreiðsla láns frá þriðja aðila nam kr. 1.600.508, sölulaun voru kr. 133.966 og innborgun inn á lán D, samkvæmt skuldabréfi nr. XXXX kr. 2.680.921. Vantaði þá enn kr. 1.285.909 til að endar næðu saman.

Nefndur D, festi kaup á íbúð að E, fyrir kr. 6.300.000 og skyldi útborgun nema 10%. Lánaði varnaraðili D, fyrir útborguninni og öðrum kostnaði vegna kaupanna. Gaf D, því út áðurnefnt skuldabréf hinn 5. júní 2002 með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila að fjárhæð kr. 2.680.000. Að frádregnum lántöku- og stimpilgjöldum nam kaupverð bréfsins kr. 2.611.700. Var kr. 1.285.909 ráðstafað til varnaraðila sem fullnaðargreiðslu á skuldabréfi nr. XXXX, sbr. framangreint. Þá var kr. 799.734 varið til útborgunar og kostnaðar vegna kaupa á nýrri íbúð D, kr. 71.000 vegna vanskila á skuldabréfi, kr. 269.117 til greiðslu ýmissa lausaskulda, kr. 49.399 til greiðslu yfirdráttarskuldar og loks kr. 136.541 til greiðslu bankakostnaðar, yfirdráttarvaxta o.fl.

Loks mun nefndur D, hafa fengið að láni kr. 1.730.000 hjá varnaraðila hinn 19. júní 2002 og var andvirði þess láns notað til að greiða upp annað lán hans hjá varnaraðila.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 10. október 2002, kvartaði sóknaraðili yfir því að sér hefðu verið veittar ónógar upplýsingar um fjárhag D, áður en hann gekkst í hina umþrættu sjálfskuldarábyrgð. Væri D, og í vanskilum með greiðslu afborgana af bréfinu. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 16. nóvember 2004, var gerð krafa um að sóknaraðili yrði leystur undan ábyrgð sinni og að varnaraðili greiddi sóknaraðila samtals kr. 364.568 sem hann hefði orðið að greiða vegna vanskila D, auk lögfræðikostnaðar. Var erindið ítrekað með bréfum lögmanns sóknaraðila, dagsettum 14. desember 2004 og 4. janúar 2005. Kröfum sóknaraðila var hafnað með bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 4. febrúar 2005. Afstöðu varnaraðila var mótmælt með bréfi lögmanns sóknaraðila til lögmanns varnaraðila, dagsettu 9. febrúar 2005.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndar með kvörtun, dagsettri 10. febrúar 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að sjálfskuldarábyrgð hans samkvæmt skuldabréfi nr. C, útgefnu af D, til varnaraðila 5. júní 2002 verði ógilt og að varnaraðili greiði honum alls kr. 398.330, auk dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa fengið þær upplýsingar um fjárhagsstöðu skuldarans sem varnaraðila hafi verið skylt að veita áður en hann gekkst í ábyrgð. Hefði hann og aldrei gengist í umrædda ábyrgð hefði hann fengið umræddar upplýsingar. Kveður hann allar reglur 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, hafa verið brotnar gagnvart sér. Neitar sóknaraðili því að honum hafi verið sýnt nokkuð greiðslumat eða veittar aðrar upplýsingar um fjárhagsstöðu skuldarans.

Sóknaraðili kveðst á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar sinnar hafa verið tilneyddur til að greiða varnaraðila kr. 33.762 hinn 16. september 2002, kr. 335.000 hinn 2. apríl 2004 og kr. 29.568 hinn 13. sama mánaðar, eða samtals kr. 398.330.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður hafa verið farið yfir væntanlega ábyrgð sóknaraðila á fundi með honum áður en til sjálfskuldarábyrgðar hans kom. Hafi honum verið kynnt áætluð greiðslubyrði skuldarans, greiðslumat sem gert hafði verið í febrúar 2004 og þar með greiðslugeta. Hafi í einu og öllu verið staðið eðlilega að samskiptum við sóknaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa verið kynnt efni upplýsingabæklings um ábyrgðir og hafi hann fengið afrit af honum. Þá hafi sóknaraðili verið upplýstur um aðrar skuldir aðalskuldara.

V.

Niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið varðar mál þetta sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. C, útgefnu af D, til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.680.000 hinn 5. júní 2002.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um noktun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001, er skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins ber fjármálafyrirtækjum að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í 2. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því að með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna staðfesti ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Sé ráðgert að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán hjá fjármálafyrirtæki skal ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Þá skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina.

Í máli þessu liggur ótvírátt fyrir að að skylt var að meta greiðslugetu skuldara áður en til sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila. Í ljósi þeirrar breytingar sem orðið höfðu á eigna- og skuldastöðu skuldara frá því að greiðslumat vegna væntanlegra íbúðarkaupna hans var gert 12. febrúar 2002 hefði verið rétt af varnaraðila að gera nýtt greiðslumat áður en til sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila kom 5. júní 2002. Er þá m.a. höfð í huga afleið greiðslustaða skuldara við íbúðarkaupin þar sem hann átti ekkert eigið fé og skuldastaða hans við varnaraðila.

Óháð því hvort nýtt greiðslumat hefði þurft að fara fram í júní 2002 verður gegn eindregnum andmælum sóknaraðila að telja ósannað að honum hafi verið kynnt umrætt greiðslumat frá 12. febrúar 2002, en fyrir því ber varnaraðili sönnunarbyrði. Þá liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesta að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Loks verður ekki annað ráðið en að meira en helmingi lánsfjárhæðarinnar samkvæmt umræddu skuldabréfi hafi verið ráðstafað til greiðslu annarra lána skuldara hjá varnaraðila án þess þó að séð verði að fyrir liggja skrifleg staðfesting sóknaraðila um að honum hafi verið kynntar þær ráðagerðir, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. fyrrgreinds samkomulags.

Samkvæmt framansögðu vantar verulega upp á að upplýsingagjöf til sóknaraðila hafi verið í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Eins og á stendur verður varnaraðili að bera allan halla af því að nefndar upplýsingar lágu ekki fyrir enda verður að telja að þær hefðu getað skipt máli við ákvörðun sóknaraðila um að gangast í sjálfskuldarábyrgð samkvæmt téðu skuldabréfi. Verður því ekki hjá því komist að ógilda ábyrgð sóknaraðila á nefndu skuldabréfi.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina hefur sóknaraðili á grundvelli nefndrar sjálfskuldarábyrgðar sennar greitt varnaraðila kr. 33.762,40 hinn 16. september 2002 og kr. 335.000 hinn 2. apríl 2004, eða samtals kr. 368.762,40. Í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu um ógildi ábyrgðarinnar verður varnaraðila gert að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarnefndin hefur enga heimild til að ákvarða sóknaraðila lögfræðikostnað og verður kröfu hans þar að lútandi því hafnað.

Úrskurðarorð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. C, útgefnu af D, til varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, að fjárhæð kr. 2.680.000 hinn 5. júní 2002, er ógild.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 368.762,40 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 af kr. 33.762,40 frá 16. september 2002 til 2. apríl 2004, en af kr. 368.762,40 frá þeim degi til greiðsludags.
Kröfu sóknaraðila um greiðslu lögfræðikostnaðar er hafnað.

Reykjavík, 26. ágúst 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjalbsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, þriðjudaginn 17. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru dánarbú M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. mars 2005 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 28. febrúar 2005. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. mars 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 7. apríl 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. apríl 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 22. apríl 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. og 17. maí 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 30. maí 1997 tók M, kr. 7.250.000 að láni hjá A og gaf út skuldabréf því til staðfestu. Verður hér eftir vísað jöfnum höndum til M og dánarbúsins sem sóknaraðila og A og F sem varnaraðila, en ekki er ágreiningur um að dánarbúið hafi tekið við réttindum og skyldum M heitins samkvæmt skuldabréfinu og varnaraðili við réttindum og skyldum A.

Samkvæmt téðu skuldabréfi skyldi endurgreiða lánið næstu 25 árin með 100 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. október 1997. Höfuðstóll bréfsins var bundinn vísitölu neysluverðs og skyldi skuldin bera fasta vexti 7,75%.

Hinn 5. janúar 2005 greiddi sóknaraðili upp lánið með kr. 4.792.570. Inn í þeirri fjárhæð var svokallað umframgreiðslugjald, kr. 93.972. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 27. janúar 2005, var krafist endurgreiðslu á umræddu gjaldi, enda væri gjaldið ólöglegt. Varnaraðili hafnaði kröfunni með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 14. febrúar 2005.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndar með kvörtun, dagsettri 28. febrúar 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að „viðurkennt verði að taka [varnaraðila] á uppgreiðslugjaldi því sem greinir í málinu hafi verið óréttmæt" og að varnaraðila verði gert að endurgreiða gjaldið, auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar. Krefst sóknaraðili samtals kr. 185.521. Sundurliðast þær svo að krafist er endurgreiðslu á kr. 93.971, dráttarvaxta að fjárhæð kr. 1.096 og lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 92.453.

Sóknaraðili telur umframgreiðslugjald varnaraðila hafa verið óréttmæt enda hafi ekki verið um það samið og fyrir því enginn lagagrundvöllur. Hafi sóknaraðila verið settir ólögmatir kostir þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir að ekki yrði af uppgreiðslu lánsins nema umrætt gjald yrði greitt. Hafi sóknaraðili mótmælt gjaldinu og greitt það með fyrirvara um að hann myndi leita réttar síns. Telur sóknaraðili innheimtu slíks gjalds óheimila nema um slíkt hafi verið sérstaklega samið.

Sóknaraðili vísar ennfremur til þess að í stöðluðu formi að skuldabréfi sem útbúið hafi verið áður en til lántökunnar kom hafi verið ákvæði um að hvorki væri heimilt að greiða lánið upp né hraðar niður en þar greindi nema sérstaklega væri um það samið og þá einungis gegn gjaldi sem ákveðið væri í gjaldskrá. Hafi sóknaraðili ekki verið reiðubúinn að gangast undir þetta ákvæði og hafi það því verið fellt út áður en til útgáfu skuldabréfsins kom. Telur sóknaraðili innheimtu gjaldsins vera gegn betri vitund um samning aðila annars efnis.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um frávísun styður varnaraðili þeim rökum að samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé það skilyrði fyrir meðferð máls fyrir nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að hann lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Telur varnaraðili að í þessu felist að mál skuli hafa verið lagt fyrir fjármálafyrirtæki í öllum grundvallaratriðum með sama hætti og það er lagt fyrir nefndina. Kveður varnaraðili sóknaraðila aldrei hafa lagt kvörtun sína fyrir varnaraðila með sama eða svipuðum hætti og hún hafi verið lögð fyrir nefndina. Hafi sóknaraðili upphaflega kvartað yfir því að ekki væri lagagrundvöllur fyrir kröfu um umframgreiðslugjald en fyrir nefndinni sé aðallega á því byggt að samkomulag hafi tekist milli aðila um að slíkt gjald yrði ekki greitt.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi greitt umrætt gjald án fyrirvara. Af téðu skuldabréfi megi ráða að lánssamningnum hafi verið ætlað að gilda í 25 ár og hafi lánið verið með föstum 7,75% vöxtum. Hafi varnaraðili því áskilið sér sérstakt gjald fyrir uppgreiðslu lánsins svo sem honum hafi verið heimilt. Leiði af réttarreglum að hafi skuldabréf að geyma ákvæði um vaxtakjör og greiðslur í áföngum á umsömdum gjalddögum en hvergi sé minnst á heimild skuldara til að greiða bréfið upp fyrir umsaminn gjalddaga eða hraðar en ákvæði bréfsins mæli fyrir um, hafi skuldari því aðeins heimild til að víkja frá skilmálum bréfsins að þessu leyti að um það takist sérstakt samkomulag. Hafi slíkt samkomulag tekist milli aðila með því að sóknaraðili hafi samþykkt greiðslu sérstaks gjalds sem varnaraðili hafi áskilið sér gegn því að vikið er frá skilmálum skuldabréfsins með þeim hætti sem sóknaraðili hafi óskað eftir.

Varnaraðili telur meint staðlað form að skuldabréfum A enga þýðingu hafa við úrlausn málsins. Þá kveður varnaraðili lög um neytendalán nr. 121, 1994 með síðari breytingum ekki eiga við í málinu. Umrætt skuldabréf hafi verið gefið út 30. maí 1997 en á þeim tíma hafi lán að hærri fjárhæð en kr. 1.500.000 verið undanþegin ákvæðum laganna, sbr. e-lið 2. gr. þeirra. Hafi ákvæði um hámarksfjárhæð verið fellt brott með lögum nr. 179, 2000. Ennfremur vísar varnaraðili til c-liðar 1. mgr. 2. gr. og a-liðar 4. gr. gildandi laga þar sem mælt sé fyrir um að undanþegni séu gildissviði laganna lánssamningar þar sem lán sé annars vegar veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og almenningi stendur ekki til boða og hins vegar lántökur í atvinnuskyni. Í tilviki sóknaraðila hafi lántökugjald verið fellt niður en slíkt standi almenningi ekki til boða, auk þess sem A hafi samkvæmt lögbundnu hlutverki sínu ekki veitt almenningi neytendalán. Loks bendir varnaraðili á að samkvæmt 2. tölul. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 162, 2002 sé m.a. gerður greinarmunur á neytendalánum og langtímaveðlánum en lán sóknaraðila falli undir síðarnefnda flokkinn.

V.

Niðurstaða.

Í málinu hefur varnaraðili uppi þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Byggir varnaraðili þá kröfu sína á því að sóknaraðili hafi ekki lagt kvörtun sína með nákvæmlega sama hætti fyrir varnaraðila og hann gerði síðar fyrir úrskurðarnefndinni. Leiði af 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki að vísa verði málinu frá.

Með bréfi, dagsettu 27. janúar 2005, kvartaði lögmaður sóknaraðila fyrir hans hönd yfir töku umframgreiðslugjalds við uppgreiðslu á skuldabréfi, útgefnu 30. maí 1997. Er þess getið í bréfinu að taka gjaldsins hafi að mati sóknaraðila verið óréttmæt enda hvorki um hana samið í lánsamningi né fyrir henni lagagrundvöllur. Krafðist sóknaraðili endurgreiðslu gjaldsins. Með bréfi, dagsettu 14. febrúar 2005, hafnaði varnaraðili kröfu sóknaraðila og kvað ekki unnt að fallast á að taka gjaldsins væri óréttmæt. Eru í bréfinu færð rök fyrir því álitni varnaraðila, sem öll eru meðal þeirra röksemda sem varnaraðili færir nú fyrir því að hafna beri kröfum sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að sóknaraðili kvartaði yfir töku varnaraðila á margnefndu umframgreiðslugjaldi og krafðist endurgreiðslu þess. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila og var sóknaraðili þá rétt að vísa máli sínu til úrskurðarnefndarinnar. Ekki getur komið að sök þótt sóknaraðili hafi fyrir nefndinni fært ítarlegri rök fyrir kröfu sinni enda hafði varnaraðili þegar tekið afstöðu til kröfunnar og hafnað henni. Eru því engin efni til að fallast á frávisunarkröfu varnaraðila.

Samkvæmt skuldabréfi því sem sóknaraðili gaf út 30. maí 1997 var samið um að skuldina skyldi endurgreiða með 100 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti í 25 ár. Samið var um fasta vexti, 7,75%, auk þess sem höfuðstóll lánsins skyldi bundinn vísitölu neysluverðs. Við þessi ákvæði skuldabréfsins var sóknaraðili bundinn. Var honum óheimilt að breyta þar út af nema með samþykki varnaraðila. Fyrir liggur að varnaraðili heimilaði sóknaraðila að víkja frá ákvæðum skuldabréfsins og greiða bréfið upp gegn greiðslu umframgreiðslugjalds, kr. 93.972. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að sóknaraðili hafi gengið að þeim skilmálum varnaraðila og greitt gjaldið án fyrirvara. Þar sem ekki var ákvæði um annað í skuldabréfinu var varnaraðili eins og á stóð heimilt að áskilja sér slíkt gjald óskaði sóknaraðili eftir því að víkja frá ákvæðum bréfsins og greiða það upp eða hraðar en ákvæði þess sögðu til um. Ekki hefur verið sýnt fram á að samið hafi verið á annan veg þegar skuldabréfið var gefið út. Ákvæði laga um neytendalán nr. 121, 1994 eiga ekki við um það tilvik sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfum sóknaraðila, Dánarbús M, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 17. maí 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, föstudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, Reykjavík, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. mars 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. febrúar 2005. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. mars 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 2. maí 2005. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. maí 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 12. maí 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 31. maí og 26. ágúst 2005.

II.

Málsatvik.

Með umsókn, dagsettri 4. mars 2004, sótti sóknaraðili um að stofna debetkortareikning hjá varnaraðila. Samþykkti varnaraðili umsóknina og var reikningur nr. XXXX stofnaður í nafni sóknaraðila. Um mánaðamótin maí-júní 2004 kveðst sóknaraðili hafa orðið þess var að fé vantaði inn á reikning hans hjá varnaraðila og hafi hann þá óskað eftir því við varnaraðila að kallað yrði eftir greiðslukvittunum vegna debetkortaviðskipta hans frá 2. apríl 2004 til og með 10. maí 2004. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 19. janúar 2005, ítrekaði sóknaraðili að hann hefði ekki séð greiðslukvittanir fyrir 29 úttektum, samtals að fjárhæð kr. 24.005. Með bréfi, dagsettu 7. febrúar 2005, sendi varnaraðili sóknaraðila yfirlit yfir hreyfingar á tékkareikningi hans árið 2004.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi óskað eftir rannsókn lögreglu á meintum ólögum úttektum af debetkortareikningi hans, en að lögregla hafi hinn 13. júlí 2004 ákveðið að halda ekki áfram rannsókn málsins, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991. Kærði sóknaraðili ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara 26. júlí 2005 og ítrekaði kæru sína með bréfi, dagsettu 5. janúar 2005. Með bréfi, dagsettu 5. febrúar 2005, staðfesti ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndar með kvörtun, dagsettri 24. febrúar 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst óska eftir úrskurði um rétt viðskiptavina banka til að fá tafarlaust afhentar kvittanir fyrir „*rétthæfni korthafa*”. Kveður hann engan hafa gert grein fyrir þeim fjármunum sem hann sakni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu styður sóknaraðili í fyrsta lagi þeim rökum að málið heyri ekki undir úrskurðarnefndinni, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Telur varnaraðili ekki vera uppi réttarágreining milli aðila málsins í skilningi ákvæðisins. Þá geti varnaraðili ekki séð að sóknaraðili hafi neina lögvarða hagsmuni að því að fá svar við hvaða upplýsingar bönkum sé skylt að veita. Í öðru lagi vísar varnaraðili til þess að krafa sóknaraðila verði ekki metin til fjár, sbr. b-lið 6. gr. áðurgreindra samþykktta. Í þriðja lagi telur varnaraðili að kröfugerð sóknaraðila sé svo óljós að vísa verði máli hans frá úrskurðarnefndinni.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að hann geti ekki afhent umbeðin gögn og að hann hafi svarað beiðni sóknaraðila í samræmi við þær reglur og þá samninga sem gildi um þessi efni. Af gögnum sem varnaraðili hafi látið sóknaraðila í té verði ráðið að fimm úttektir á tímabilinu frá 2. apríl 2004 til 10. maí 2004 hafi verið framkvæmdar í hraðbanka, ein í tilteknum banka en aðar vegna viðskipta í verslunum og öðrum fyrirtækjum þar sem greitt hafi verið með korti sóknaraðila. Varnaraðili kveður úttektir úr hraðbanka vera á ábyrgð sóknaraðila enda beri hann m.a. ábyrgð á leyninúmeri sem fylgi debetkorti hans og notað sé við úttektir úr hraðbönkum. Vísar varnaraðila í þeim efnum til reglna og skilmála um notkun debetkorta sem sóknaraðili hafi gengist undir við stofnun debetkortareiknings síns. Sölunótur þær sem sóknaraðili fari nú fram á afrit af séu bókhaldsgögn þeirra fyrirtækja þar sem viðskipti með umrætt debetkort hafi farið fram. Hvíli sú skylda á fyrirtækjunum að varðveita sitt eintak af sölunótunum í sjö ár, sbr. 20. gr. laga um bókhald nr. 145, 1994. Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi kært málið til lögreglu sem ekki hafi talið ástæðu til frekari aðgerða.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili óskar eftir því að kveðinn verði upp úrskurður um rétt viðskiptavina banka til að fá tafarlaust afhentar kvittanir fyrir „*rétthæfni korthafa*”, eins og segir í kvörtun. Í bréfi sínu til nefndarinnar, dagsettu 12. maí 2005, segir sóknaraðili að spurning sín sé mjög einföld, þ.e. hvort bönkum sé skylt að framvísa greiðslukvittunum „*þeim sem sanna rétthæfni korthafa sé það umbeðið, eða ekki.*”

Af gögnum málsins má ráða að sóknaraðili hafi ekki haft undir höndum 29 greiðslukvittanir vegna úttekta að fjárhæð kr. 24.005 á tímabilinu 2. apríl 2004 til 10. maí 2004. Hins vegar kemur ekki fram um hvaða kvittanir sé að ræða eða vegna hverra viðskipta. Þá verður og ráðið að hann hafi við rannsókn lögreglu kannast við undirskrift sína á tveimur greiðslukvittunum, en ekki liggur fyrir hversu háa úttekt um var að ræða í hvort skipti. Sóknaraðili hefur enga fjárkröfu haft uppi á hendur varnaraðila. Felur málatilbúnaður í sér beiðni um að nefndin svari þeirri lögspurningu hvort fjármálafyrirtækjum sé skylt að hlutast til um afhendingu kvittana fyrir úttektum af debetkortareikningum.

Samkvæmt a-lið 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, og samkvæmt e-lið 6. gr. ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Með vísan til þess og þess sem fyrr er rakið verður ekki hjá því komið að vísa máli sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, þriðjudaginn 17. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mættir eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 16. mars 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. mars 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. apríl 2005. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 25. apríl 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. og 17. maí 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 29. júní 2004 sótti sóknaraðili um sérleyfi hjá A. Fyrir leyfið skyldi sóknaraðili greiða 39.700 evrur. Þar af skyldu 9.925 evrur greiddast við afhendingu umsóknar. Var tiltekið í skjali sem sóknaraðili ritaði undir af þessu tilefni að sú fjárhæð væri óendurkræf nema umsókn sóknaraðila yrði hafnað af hálfu félagsins. Jafnframt heimilaði sóknaraðili að síðastgreind fjárhæð yrði skuldfærð á kreditkort sitt hjá varnaraðila. Voru í samræmi við það skuldfærðar kr. 901.113 á kreditkort sóknaraðila hinn 30. júní 2004. Sama dag gaf ofangreint félag út reikning á hendur sóknaraðila að fjárhæð kr. 39.700 evrur þar sem tekið var tillit til innborgunar hans, 9.925 evrur, en umsókn hans mun hafa verið samþykkt af félaginu. Námu eftirstöðvar reiknings 29.775 evrum.

Sóknaraðili fékk send drög að samningi frá A hinn 7. júlí 2004. Hann mun hins vegar hafa talið þau drög annars efnis en um hafi verið rætt og þess vegna óskað eftir endurgreiðslu á innborgun sinni. Beiðni þar að lútandi var hafnað af hálfu félagsins með bréfum, dagsettum 10. ágúst og 22. september 2004.

Hinn 17. september 2004 óskaði sóknaraðili bréflega eftir endurgreiðslu frá varnaraðila á kr. 901.113 og ítrekaði það síðar tvígang bréflega. Varnaraðili hafnaði endurkröfu sóknaraðila með bréfi, dagsettu 11. janúar 2005, á þeim grundvelli að fyrir lægi undirskrift sóknaraðila þar sem heimiluð hafi verið skuldfærsla óafturkræfrar fjárhæðar á kortareikning hans.

Sóknaraðili leitaði liðsinnis Neytendasamtakanna, sem spurðust fyrir um málið hjá varnaraðila með bréfi, dagsettu 7. febrúar 2005. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 4. mars 2005.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndar með kvörtun, dagsettri 16. mars 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kr. 901.113, auk vaxta frá 17. nóvember 2004. Kveður hann seljanda, þ.e. A, hafa farið fram á greinda skuldbindingu og innborgun áður en sóknaraðili fékk samningsuppkast til undirritunar. Það hafi honum borist viku síðar með óvæntum fjárhagslegum skuldbindingum, skilmálum og áhættu sem honum hafi ekki verið sagt frá áður. Hafi greiðsla sóknaraðila því verið í rangri trú þar sem hann hafi ekki átt von á því að samningurinn yrði annars efnis en lofað hafi verið. Hafi forsendur fyrir greiðslunni og samningnum brostið þegar samningurinn barst sóknaraðila í hendur. Telur sóknaraðili að um fjárvik hafi verið að ræða og kveður framangreint brjóta í bága við bandarísk lög.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður endurkröfu sóknaraðila hafa verið hafnað á þeim grundvelli að fyrir lægi undirskrift hans þar sem heimiluð væri skuldfærsla ofangreindrar fjárhæðar. Tæki endurkröfukerfi varnaraðila eingöngu mið af því hvort formskilyrðum færslu væri uppfyllt. Ekki yrði komið að sjónarmiðum um hugsanlegan rétt korthafa er byggja mætti á einkaréttarlegum grunni, en slíkan ágreiningur yrði korthafi að bera undir dómstóla. Hlutverk varnaraðila sé hins vegar eingöngu að miðla greiðslum milli korthafa og seljanda.

Varnaraðili bendir einnig á að sóknaraðili hafi samþykkt nefnda færslu vitandi að um væri að ræða óafturkræfa innborgun. Hafi hann ekki sýnt fram á að hann hafi kallað eftir samningsskilmálum og því síður að honum hafi verið neitað um afhendingu þeirra. Kveðst varnaraðili ekki getað hlutast frekar til um samskipti seljanda og sóknaraðila. Telji sóknaraðili á sér brotið verði hann að leita réttar síns eftir almennum leiðum einkamálaréttarfars.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er í málinu að sóknaraðili heimilaði skriflega að skuldfærðar yrðu á kreditkortareikning hans 9.925 evrur. Var það í samræmi við skjal sem sóknaraðili hafði undirritað 29. júní 2004 þar sem hann skuldbatt sig til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar sem innborgun til A vegna umsóknar um sérleyfi frá félaginu. Var sóknaraðila þá jafnframt ljóst samkvæmt efni skjalsins að innborgunin væri óendurkræf nema fyrirtækið myndi hafna umsókn hans. Ekki er ágreiningur um að umsókn sóknaraðila var samþykkt og voru honum send drög að sérleyfissamningi sem hann mun hafa verið ósáttur við.

Samkvæmt framansögðu gekkst sóknaraðili undir þá skuldbindingu að greiða A evrur kr. 9.925 eða sem svarar kr. 901.113 samkvæmt samkomulagi þeirra á milli. Heimilaði sóknaraðili eins og áður sagði skuldfærslu af kreditkortareikningi sínum til greiðslu þeirrar fjárhæðar. Hann kaus hins vegar sjálfur að ganga ekki til frekari samninga við félagið. Hlutverk varnaraðila var einungis að miðla greiðslunni á milli sóknaraðila og umrædds félags. Greiðsla sú sem sóknaraðili innti af hendi var óafturkræf samkvæmt samkomulagi við A. Skilmálar varnaraðila um endurgreiðslu ef vara eða þjónusta er ekki látin í té eiga því ekki við í þessu tilviki. Telji sóknaraðili sig hafa verið hlunnfarinn í viðskiptum sínum við A, verður hann að beina kröfum sínum að því félagi. Varnaraðili getur ekki borið ábyrgð á því þótt drög að samkomulagi milli sóknaraðila og félagsins hafi verið annars efnis en sóknaraðili hugði og að hann telji forsendur fyrir samkomulagi sínu við félagið brostnar.

Með vísan til framanritaðs verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 17. maí 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, miðvikudaginn 26. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 5. apríl 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör bárust með bréfi A, dagsettu 20. maí 2005. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. maí 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með B, dagsettu 6. júní 2005. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. ágúst 2005, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Bárust þau með bréfi varnaraðila og nefnds rekstrarfélags, dagsettu 15. september 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 19. september og 24. og 26. október 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 28. september 1998 gaf sóknaraðili, ásamt C, út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 4.000.000. Var umsamin lánstími 25 ár og vextir 7%, en lánið var verðtryggt samkvæmt vísitölu neysluverðs. Lánið var tryggt með 1. veðrétti í fasteign sóknaraðila að D. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi samdægurs selt bréfið og hafi kaupandi verið „E“, sem mun vera verðbréfasjóður undir heitinu E, en hann mun nú rekinn af A, sem er dótturfélag varnaraðila.

Þann 3. desember 2004 gaf sóknaraðili, ásamt nefndum C, út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 8.160.000. Um var að ræða svokallað íbúðalán til 40 ára með 4,15% vöxtum, en lánið var verðtryggt. Kveður sóknaraðili lánið hafa verið ætlað til greiðslu á öðrum skuldbindingum þeirra C, þ.á m. skuld samkvæmt áðurgreindu skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998. Í lánsúmsókn kemur fram að eftirstaða áhvílandi lána á fasteign þeirra sé kr. 8.600.000. Af öðrum gögnum málsins verður ráðið að til ráðstöfunar af lánsfjárhæðinni hafi verið kr. 7.965.140.

Jafnhliða útgáfu skuldabréfs 3. desember 2004 gerðu sóknaraðili og C, samning við varnaraðila um uppgreiðslu vegna hinnar nýju lántöku. Samkvæmt samningnum var varnaraðila veitt heimild til að móttaka andvirði hins nýja láns til að greiða upp þrjú önnur lán, þ.á m. lán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, en eigandi bréfsins er þar tilgreindur G. Þar mun vera átt við G, sem er í eigu varnaraðila. Er áætlað uppgreiðsluverðmæti bréfsins sagt vera 3.930.725, og lánanna þriggja samtals kr. 7.622.204. Í samningi aðila var og kveðið á um að varnaraðili skyldi eftir að uppgreiðslu og aflýsingu væri lokið samkvæmt samningnum skila til sóknaraðila skilagrein varðandi ráðstöfun fjárins. Eftirstöðvum lánsfjárins, ef einhverjar væru, skyldi ráðstafað inn á reikning lántaka. Væri slíkur reikningur ekki til eða varnaraðila ókleift að greiða inn á hann var varnaraðila veitt heimild til að stofna almennan tékka- eða sparifjárreikning í nafni lántaka og leggja andvirðið inn á hann. Fyrrgreindur samningur er óundirritaður af hálfu varnaraðila, en ekki er ágreiningur um að varnaraðili hafi samþykkt samninginn fyrir sitt leyti.

Hinn 13. desember 2004 lét varnaraðili frá sér yfirlit „vegna uppgreiðslu þjónustu“. Kemur þar fram að samtals kr. 3.719.823 hafi verið ráðstafað til uppgreiðslu tveggja lána, en greint lán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, hafi ekki verið greitt út. Á yfirlitinu kemur fram að mismunurinn á þeim hluta lánsins sem sóknaraðili og C, tóku 3. desember 2004, kr. 7.965.140, og kr. 3.719.823, hafi, að frádregnum kr. 5.000 í þóknun til varnaraðila, samtals kr. 4.240.317 hafi verið greiddur til lántaka. Af yfirlitinu verður þó ekki ráðið með hverjum hætti það hafi verið gert. Af öðrum gögnum verður þó ráðið að eftirstöðvarnar hafi verið greiddar inn á reikning sóknaraðila nr. H, hinn 15. desember 2004.

Í gögnum málsins kemur enn fremur fram að kr. 200.000 hafi hinn 17. desember 2004 verið færðar af síðastgreindum reikningi inn á reikning sóknaraðila nr. I. Þá hafi kr. 421.843 verið færðar af reikningnum 28. apríl 2005 og inn á reikning sóknaraðila nr. J.

Í málinu liggur fyrir rafpóstur, dagsettur 13. desember 2004, frá G, til varnaraðila. Er efni póstsins sagt vera varðandi uppgreiðslu á skuldabréfi, sem þó er ekki tilgreint nánar. Ekki er þó ágreiningur um að rafpósturinn, sem varnaraðili hefur lagt fram, fjallar um uppgreiðslu skuldabréfs, útgefins 28. september 1998. Í póstinum kemur fram að eigandi bréfsins, sem ekki er tilgreindur, ætli að hugsa málið varðandi uppgreiðsluna. Sé ekki uppgreiðsluheimild á bréfinu sem þýði að eigandinn ónefndi geti bannað uppgreiðslu. Ætli hann þó að athuga aðra kosti og láta G, vita sem allra fyrst. Í málinu liggur einnig fyrir annar rafpóstur frá G, til varnaraðila, dagsettur sama dag, þar sem fram kemur að félagið hafi verið að fá svar frá lánanefndinni, sem ekki er þó frekari grein gerð fyrir. Telji nefndin eðlilegt að söluverð á bréfinu sé miðað við 5,5% ávöxtunarkröfu og verði uppgreiðslan samþykkt á því verði. Sé uppgreiðsluverðmæti bréfsins þá kr. 4.400.556, sem sé það sem eigandinn vilji fá. Staða brésins sé kr. 3.959.600 og kostnaður við að greiða upp bréfið því um kr. 440.000.

Sóknaraðili mun hafa gert athugasemdir við framangreint, m.a. með rafpósti til G, dagsettum 11. febrúar 2005. Var þar m.a. óskað eftir því að fá að greiða upp lán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Svaraði félagið lögmanninum sama dag og kom þar fram að hvorki það né varnaraðili gæti gefið leyfi fyrir uppgreiðslu eða uppgreiðslustöðu (sic). Það sem félagið gæti hins vegar gert væri að gefa upp stöðu bréfa sem ekki væri það sama og uppgreiðslustaða. Með bréfi A, dagsettu 18. febrúar 2005, var beiðni sóknaraðila hafnað.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 5. apríl 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sér verði gert kleift að greiða upp skuldabréf, útgefið 28. september 1998, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Þá gerir sóknaraðili kröfu til þess að sóknaraðili „*komist skaðlaust frá þessu, þannig að einungis verði greitt af nýju láni frá því það var tekið og eldra lán beri einungis vexti til þess dags sem uppgreiðsla átti upphaflega að fara fram.*”

Sóknaraðili kveðst á árinu 2004 hafa tekið þá ákvörðun að taka nýtt lán hjá varnaraðila í því skyni að greiða upp önnur lán með nýju láni á hagstæðari kjörum. Hafi sóknaraðili haft samband við G, sem hafi verið spurður um uppgreiðsluverðmæti lánsins og þann kostnað sem til félli. Hafi hann svarað því til að sá kostnaður gæti að hámarki numið 2.-3.000 krónum.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa séð um uppgreiðslu eldri lána með hinu nýja láni. Þegar komið hafi að uppgreiðslu láns þess sem mál þetta snúist um hafi A, áskilið sér allt að kr. 500.000 í uppgreiðslugjald sem aldrei hafi áður verið rætt um. Hafi á þessum tíma verið búið að greiða upp öll önnur lán, veðsetja fasteign skuldara og ganga frá hinu nýja láni.

Sóknaraðili kveður alla framkvæmd mála hafa verið í höndum varnaraðila, sem hafi haft allar upplýsingar áhrærandi umrætt skuldabréf, en greinilega gefið skuldara rangar upplýsingar. Þá bendir sóknaraðili á að í bréfinu komi hvergi fram að áskilið sé sérstakt gjald vegna uppgreiðslu. Verði varnaraðili að bera hallann af þessu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður sig ekki vera „*samningsaðila [sóknaraðila] á umræddu skuldabréfi*” heldur A, og snúi kröfur hans því að því félagi en ekki varnaraðila. Sé því ekki á færi varnaraðila að verða við kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili telur hvorki sig, umrætt rekstrarfélag né G, hafa haldið því fram að umþrætt skuldabréf væri án uppgreiðslugjalds. Beri bréfið það ekki með sér og fari því eftir almennum reglum kröfurettar í þeim efnunum. Sé því aðeins heimilt að greiða lán hraðar upp að um það hafi verið ótvírætt samið, sbr. þó lög um neytendalán nr. 121, 1994. Þær breytingar, sem gerðar voru á lögnum með lögum nr. 179, 2000 varðandi lán tryggð með veði í fasteign, hafi ekki öðlast gildi fyrr en 11. janúar 2000 og hafi því ekki verið í gildi þegar skuldabréfið var gefið út 28. september 1998.

Varnaraðili kveður áætlað uppgreiðsluverð lánsins í samningi aðila, dagsettum 3. desember 2004, vera byggt á upplýsingum lántakenda sjálfra, enda sé téð skuldabréf ekki í upplýsingakerfum, sem varnaraðili hafi aðgang að, heldur eingöngu G, Þá sé eingöngu um áætlað uppgreiðsluverð að ræða, en hvergi sé gefið í skyn eða lofað með neinum hætti að um endanlegt uppgreiðsluverðmæti sé að ræða.

Varnaraðili kveður það hvorki hafa verið forsendu fyrir lánveitingu af sinni hálfu að umrætt skuldabréf yrði gert upp né verði það ráðið af gögnum málsins að það hafi verið forsenda sóknaraðila fyrri lántöku að hægt væri að gera bréfið upp án uppgreiðslugjalds.

Varnaraðili kveður uppgreiðslugjald það, sem A, hafi áskilið sér vegna uppgreiðslu umrædds skuldabréfs, vera sanngjarna þóknun til að mæta þeim kostnaði sem til hefði fallið vegna þess að rekstrarfélagið „*hefði ekki náð að endurlána undirliggjandi fjármagn skuldabréfsins og þannig náð viðunandi ávöxtun á fjármagnir fyrir eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins.*“ Vísar varnaraðili og til ákvæða laga um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði nr. 30, 2003, sem nefndu rekstrarfélagi beri að hlíta.

Varnaraðili bendir á að kvörtun sóknaraðila snúi eingöngu að því að honum verði gert mögulegt að greiða upp margnefnt skuldabréf án uppgreiðslugjalds, en ekki um mögulegar skaðabætur á hendur varnaraðila eða dótturfélögum þess. Varnaraðili telur að auki hvorki sig, rekstrarfélagið né verðbréfavörsluna geta orðið skaðabótaskylda gagnvart sóknaraðila, enda sé ekki um saknæma háttsemi að ræða, „*ef hún er þá sönnuð.*“ Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess að sér verði gert kleift að greiða upp skuldabréf, útgefið 28. september 1998, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Þá gerir sóknaraðili kröfu til þess að sóknaraðili „*komist skaðlaust frá þessu, þannig að einungis verði greitt af nýju láni frá því það var tekið og eldra lán beri einungis vexti til þess dags sem uppgreiðsla átti upphaflega að fara fram.*“

Skilja verður málalíbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Eins og fyrr greinir gaf sóknaraðili ásamt C, út skuldabréf til varnaraðila 28. september 1998 að fjárhæð kr. 4.000.000. Var lánið tryggt með 1. veðrétti í fasteign sóknaraðila að D, Upplýst hefur verið í málinu að bréfið hafi sama dag verið selt E, sem mun vera í eigu dótturfélags varnaraðila, A. Varsla bréfsins og a.m.k. innheimta samningsbundinna greiðslna samkvæmt bréfinu mun hafa verið í höndum annars dótturfélags varnaraðila, G.

Ágreiningslaust er að sóknaraðili leitaði fyrir hönd þeirra C, til varnaraðila síðla árs 2004 um endurfjármögnun lána þeirra. Varð niðurstaða af þeirri málaleitan sú að sóknaraðili og C, tóku hinn 3. desember 2004, nýtt lán, svokallað íbúðalán, hjá varnaraðila að fjárhæð kr. 8.160.000. Var lánið tryggt með 4. veðrétti og uppfærslurétti í fasteign lántakenda að D. Samkvæmt samningi aðila, sem gerður var sama dag, var lántakenda veitt heimild til að nota andvirði íbúðalánsins til að greiða upp þrjár tilgreindar skuldir, sem virðast hafa verið áhvílandi á 1.-3. veðrétti eignarinnar, þ.á m. áðurgreint lán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998.

Í lánsúmsókn, dagsettri 24. nóvember 2004, kemur fram að markaðsvirði fasteignar sé kr. 10.200.000. Þá hefur verið strikað yfir ógreinilega prentaða tölu heildarlánsfjárhæðar og í staðinn handskrifað kr. 8.160.000. Nemur það 80% af tilgreindu markaðsvirði fasteignar. Neðst á fyrri blaðsíðu umsóknarinnar hefur síðan verið ritað „80%“ og er þar við ókennileg nafnritun, sem er sama manns og samþykkir umsóknina fyrir hönd varnaraðila með nafnritun á síðari blaðsíðu umsóknarinnar. Í umsókninni er tilgreint að eftirstöðvar áhvílandi lána séu kr. 8.600.000, en í samningi aðila er uppgreiðsluverðmæti þeirra þriggja lána sem varnaraðila var heimilað að greiða upp áætlað kr. 7.622.204. Ekki liggja fyrir skýringar á þessu misræmi.

Ekki þykir vafa undirorpið, eins og samningur aðila, dagsettur 3. desember 2004, ber glögglega með sér, að sóknaraðili og C, hafi ætlað andvirði láns samkvæmt skuldabréfi, útgefnu þann dag, til greiðslu þeirra skulda sem tilgreindar eru í samningnum. Verður og að telja að varnaraðila hafi a.m.k. verið þetta kunnugt, enda hefðu eftirstöðvar láns samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, og skuld samkvæmt hinu nýja skuldabréfi, sem bæði voru tryggð með veði í fasteign sóknaraðila, numið um 12,1 m.kr. Markaðsvirði eignarinnar var þá hins vegar samkvæmt lánsúmsókn 10,2 m.kr. Þykir þetta ásamt því að framan er rakið veita a.m.k. verulegar vísbendingar um að það hafi verið ætlun varnaraðila sjálfs að andvirði hins nýja láns rynni til greiðslu eldri lána.

Þegar til átti að taka og búið var að greiða upp önnur lán en lán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, kom í ljós að eftirstöðvar andvirðis skuldabréfs, útgefins 3. desember 2004, dugðu ekki til uppgreiðslu lánsins miðað við þá fjárhæð sem eigandi bréfsins, verðbréfasjóður á vegum A, gerði kröfu um. Í samningi aðila, dagsettum 3. desember 2004, var áætlað uppgreiðsluverð tilgreint kr. 3.930.725, en samkvæmt rafpósti, dagsettum 13. desember 2004 gerði eigandi bréfsins kröfu um kr. 4.400.556, en staða skuldarinnar var þá kr. 3.959.600. Það sem þá stóð eftir af láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 3. desember 2004, voru kr. 4.240.317, sem síðar voru lagðar inn á reikning í nafni sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að áætlað uppgreiðsluverð láns samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 28. september 1998, tók eingöngu mið af stöðu skuldarinnar á þeim tíma en ekki heildarkostnaði við uppgreiðslu lánsins. Eins og atvikum málsins er háttað verður að telja að varnaraðili hafi í tengslum við lánveitingu til sóknaraðila og C, borið ábyrgð á því að upplýsingar um heildarkostnað við uppgreiðslu þeirra skulda, sem andvirði lánsins skyldi varið til greiðslu á, væru sem réttastar. Bar honum því í tíma að afla sjálfur nauðsynlegra upplýsinga þar um. Hafi upplýsingar þar að lútandi borist frá sóknaraðila, eins og varnaraðili heldur fram, bar varnaraðila að leita skriflegrar staðfestingar þar á. Hefðu fyrrgreindar upplýsingar legið fyrir við afgreiðslu láns til sóknaraðila og C, hefði væntanlega mátt vera ljóst að andvirði lánsins dygði ekki til greiðslu áhvílandi veðskulda. Hefðu aðilar málsins þar með getað gripið til viðeigandi aðgerða, annað hvort með því að lækka fjárhæð hins nýja láns þannig að ekki yrði gert ráð fyrir uppgreiðslu skuldabréfs, útgefins 28. september 1998, eða eftir atvikum hækka fjárhæð hins nýja láns þannig að andvirðið dygði til uppgreiðslu þess skuldabréfs. Verður því að telja að undirbúningi lánveitingu varnaraðila hafi verið áfátt og ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til hans.

Svo sem fyrr greinir gerir sóknaraðili þá kröfu að sér verði gert kleift að greiða upp skuldabréf, útgefið 28. september 1998, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Fyrir liggur að varnaraðili er ekki eigandi umrædds skuldabréfs og getur ekki tekið ákvörðun um á hvaða kjörum slík uppgreiðsla verði heimiluð. Verður því heldur ekki slegið föstu að varnaraðili hafi ábyrgst að lánið fengist greitt upp miðað við stöðu þess á greiðsludegi og án viðbótarkostnaðar. Annmarkar varnaraðila á lánveitingu sinni til sóknaraðila og C, geta heldur ekki eins og á stendur leitt til þess að varnaraðila verði gert að greiða þann mismun sem var á stöðu lánsins og uppgreiðslukröfu eiganda skuldabréfsins. Verður því að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Í annan stað gerir sóknaraðili þá kröfu að hann „komist skaðlaust frá þessu, þannig að einungis verði greitt af nýju láni frá því það var tekið og eldra lán beri

einungis vexti til þess dags sem uppgreiðsla átti upphaflega að fara fram." Krafa þessi verður ekki skýrlega metin til fjár og er að öðru leyti ekki þannig úr garði gerð að unnt sé að taka hana til efnislegrar úrlausnar. Verður því ekki hjá því komist að vísa henni frá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Er þar með ekki loku fyrir það skotið að sóknaraðili og C, geti síðar sett fram fjárkröfu á hendur varnaraðila sökum meints tjóns af völdum áðurgreindra mistaka varnaraðila við lánveitingu til sóknaraðila.

Í ljósi atvika máls mælist úrskurðarnefndin til þess að varnaraðili breyti skilmálum skuldabréfs, útgefins 3. desember 2004, á þann veg að fjárhæð þess verði lækkuð, óski sóknaraðili og C, eftir þeirri breytingu og endurgreiði höfuðstól sem því nemur, og að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila lántöku- og vaxtakostnað frá útgáfudegi í hlutfalli við lækkunina.

Úrskurðarorð og tilmæli:

Kröfu sóknaraðila, M, um að hann „*komist skaðlaust frá þessu, þannig að einungis verði greitt af nýju láni frá því það var tekið og eldra lán beri einungis vexti til þess dags sem uppgreiðsla átti upphaflega að fara fram*“ er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, um að sér verði gert kleift að greiða upp skuldabréf, útgefið 28. september 1998, án sérstaks uppgreiðslugjalds, er hafnað.

Mælst er til þess að varnaraðili breyti skilmálum skuldabréfs, útgefins 3. desember 2004, á þann veg að fjárhæð þess verði lækkuð, óski sóknaraðili og C, eftir þeirri breytingu og endurgreiði höfuðstól sem því nemur, og að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila lántöku- og vaxtakostnað frá útgáfudegi í hlutfalli við lækkunina.

Reykjavík, 26. október 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, mánudaginn 19. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 12. apríl 2005 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 8. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. apríl 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 15. maí 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. maí 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 31. maí 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. júní, 26. ágúst, 2. og 19. september 2005.

II.

Málsatvik.

Með samningi um ávöxtun og vörslu eigna, dagsettum 31. mars 1998, tók varnaraðili að sér að kaupa verðbréf fyrir fé sóknaraðila samkvæmt fjárfestingastefnu, sem fylgdi samningnum. Þá skyldi varnaraðili annast innlausn verðbréfa, innheimta afborganir, vexti og verðbætur og endurfjárfesta fyrir það fé sem innheimtist af bréfunum. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt umræddri fjárfestingastefnu. Samkvæmt samningnum skyldi varnaraðili senda sóknaraðila minnst tvisvar á ári yfirlit yfir uppreiknaða stöðu verðbréfasafns í vörslu varnaraðila.

Samkvæmt fjárfestingastefnu þeirri sem fylgdi samningi aðila var upphafs fjárhæð sem sóknaraðili fól varnaraðila til vörslu og ávöxtunar kr. 65.000.000. Fyrir liggur að sóknaraðili greiddi til varnaraðila kr. 50.000.000 þann 3. apríl 1998 og kr. 10.000.000 þann 3. júní 1998. Samkvæmt fjárfestingastefnunni skyldi fénu varið til kaupa á skammtímabréfum, G, hlutdeildarskírteinum í C, bankavíxlum og víxlum sveitarfélaga og fyrirtækja. Var sérstaklega tiltekið í fjárfestingastefnunni að skoða ætti víxla til 3-4 mánaða í öruggum fyrirtækjum, sveitarfélögum og bönkum. Þá skyldi mikið keypt í C, en

lítið í almennum hlutabréfum. Eignaskipting verðbréfa skyldi vera með þeim hætti að 5% keypra verðbréfa skyldu vera í verðbréfasjóðum, 30% í hlutabréfum og 65% í G, Fjárfestingastefnan er óundirrituð en ágreiningslaust er að samkomulag var með aðilum um þessi efni í upphafi.

Í málinu liggja fyrir óundirritaðar fjárfestingastefnur, dagsettar 20. og 30. desember 2002. Er skipting verðbréfa þar með allt öðrum hætti en í hinni fyrri og m.a. gert ráð fyrir kaupum á erlendum hluta- og skuldabréfum. Af gögnum málsins má og m.a. ráða að varnaraðili hafi á árinu 2000 keypt ýmis erlend verðbréf, jafnt skráð sem óskráð, svo og hlutabréf í innlendum óskráðum hlutafélögum.

Verðbréfaeign sóknaraðila í vörslu varnaraðila nam kr. 55.989.999 hinn 31. mars 1999 og kr. 82.872.436 þann 30. desember 1999. Þar af voru kr. 62.991.037 eða 76,01% í hlutabréfasjóðum. Þann 31. desember 2000 var heildarverðbréfaeign sóknaraðila kr. 34.462.127. Þar af voru 46,78% í hlutabréfasjóðum, 20,51% í gjaldmiðlum og 19,18% í svokölluðum D. Verðbréfaeign sóknaraðila nam kr. 10.311.963 þann 31. desember 2001, og var að langstærstu leyti í innlendum og erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum í hlutabréfasjóðum. Ári síðar, 31. desember 2002, nam heildareign sóknaraðila kr. 7.157.977 og 31. desember 2003 kr. 2.363.593. Þann 7. desember 2004 mun eignin hafa numið kr. 2.460.811. Úttektir sóknaraðila frá stofnun vörslusamnings til þess dags munu hafa numið kr. 42.749.218.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 5. október 2004, var kvartað yfir því að varnaraðili hefði farið út fyrir umboð sitt við vörslu og ávöxtun eigna sóknaraðila. Var óskað eftir því að málinu yrði lokið með sátt. Með bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 18. október 2004, var þess getið að varnaraðili sæi sér ekki unnt að svara erindinu þar ekki kæmi fram í hvaða tilvikum hann hefði átt að hafa farið út fyrir umboð sitt. Lögmaður sóknaraðila óskaði eftir hreyfingarlistum og afhendingu annarra gagna frá varnaraðila með símbréfi til hans, dagsettu 5. nóvember 2004.

Að beiðni sóknaraðila vann E, í desember 2004 „mat á kröfu“ sóknaraðila á hendur varnaraðila. Var hún metin kr. 35.979.725 og lýsti að áliti félagsins líklegum mismuni á stöðu eignasafns sóknaraðila 7. desember 2004 miðað við að fjárfestingastefnu hefði verið fylgt og þeirri stöðu sem var á safninu í reynd þann dag. Lögmaður sóknaraðila krafði fyrir hans hönd varnaraðila um ofangreinda fjárhæð auk kostnaðar með bréfi, dagsettu 20. desember 2004. Með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 29. desember 2004, var kröfunni hafnað.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 8. apríl 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 35.979.725 í skaðabætur, auk alls kostnaðar sem fallið hefur til vegna málsins, s.s. lögmannspóknun og kostnað við matsgerð.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að samkvæmt fjárfestingastefnu þeirri sem fylgdi fjárvörslusamningi aðila skyldi verja 65% til kaupa á G, 30% skyldu vera í hlutabréfum og 5% í verðbréfasjóðum. Hafi í fjárvörslusamningi verið sérstaklega merkt við þau bréf og sjóði sem fjárfesta skyldi í eins og fyrr er rakið. Af fyrirbyggjandi matsgerð E, sé ljóst að varnaraðili hafi ekki fylgt umræddri fjárfestingastefnu sem skyldi

frá áramótum 1998 (sic) til 7. desember 2004. Hafi ekkert komið fram sem skýri eða réttlæti aðgerðir varnaraðila. Hafi sóknaraðili aldrei samþykkt fjárfestingar sem ekki rúmuðust innan fjárfestingarstefnunnar.

Sóknaraðili bendir á að hafi einhvern tíma átt að endurnýja fjárfestingastefnuna hefði annað hvort þurft að geta þess í samningi aðila eða semja sérstaklega þar um síðar. Skjöl sem síðar hafi einhliða verið útbúin af varnaraðila og ekki borin undir sóknaraðila hafi enga þýðingu. Hafi sóknaraðila aldrei verið kynnt óundirrituð fjárfestingastefna, dagsett 20. desember 2000, og önnur, dagsett 30. desember 2002, hafi aldrei verið samþykkt af hans hálfu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um frávísun málsins styður varnaraðili þeim rökum að grundvöllur kröfugerðar sóknaraðila sé rangur þar sem eingöngu sé byggt á þeirri forsendu að fara hafi átt eftir þeirri fjárfestingastefnu sem gerð hafi verið þegar sóknaraðili hóf viðskipti við varnaraðila. Þó sé ekki farið eftir þeirri stefnu í áliti E, við útreikning á kröfum sóknaraðila heldur miðað við að heimilt hafi verið að fjárfesta í erlendum hlutabréfum. Gerir varnaraðili enn fremur ýmsar athugasemdir við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar mati E, um ávöxtun safns sóknaraðila. Miðist matið við að fjárfest hefði verið fyrir 65% af markaðsverðmæti safnsins þann 31. desember 1997 í tilteknum G, í jöfnum hlutföllum og að meðal nafnávöxtun safnsins frá 31. desember 1997 til 9. desember 2004 hefði verið 8,2%. Varnaraðili bendir á að viðskipti aðila hafi hafist 3. apríl 1998 þegar kr. 50.000.000 voru afhentar varnaraðila, en kr. 10.000.000 hafi verið greiddar til viðbótar 3. júní 1998. Ekki sé hins vegar ágreiningur um að fjárfestingastefnunni hafi verið fylgt árið 1998. Þó komi fram í mati E, að E, hafi ekki haft tíma til að ganga úr skugga um hver raunveruleg ávöxtun G, hafi verið á því tímabili sem um ræddi.

Varnaraðili kveður enn fremur liggja fyrir að sóknaraðili hafi sagt upp samningi aðila í janúar 2003 og hafi skýr fyrirmæli verið gefin um að hreyfa ekki við safninu. Hafi það því verið vörslusafn en ekki eignastýringasafn. Verði því ekki miðað við annan tímamark en uppsögn samnings. Þá gefi höfundar álitsins sér forsendur um að fjárfest hefði verið í G, í jöfnum hlutföllum og að auki að um línulega ávöxtun hafi verið að ræða sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Segi höfundarnir og að hafa skuli fyrirvara um meinta kröfu sökum þess hvernig hún er unnin. Þá bendir varnaraðili á að í álitinu séu í útreikningum tekin saman í einu lagi hlutabréf og verðbréfasjóðir sem leiði til rangrar niðurstöðu.

Af framangreindum ástæðum telur varnaraðili útilokaðar að leggja kröfurnar eins og þær eru settar fram til grundvallar í málinu. Séu þær ekki byggðar á staðreyndum og aðferðin sem notuð hafi verið sé röng. Búið hafi verið til ímyndað verðbréfasafn og áætluð á það línuleg ávöxtun. Leiði framangreint til þess að vísa verði málinu frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili í þeim efnum til 6. og 7. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Áhrærandi varakröfu sína bendir varnaraðili á að sú fjárfestingastefna, sem fylgdi upphaflegum samningi aðila, hafi ekki verið sú eina sem leggja átti til grundvallar í viðskiptum aðila. Ekki hafi verið gerð skrifleg stefna fyrir árið 1999 en á yfirliti þess árs

komi fram að nokkur breyting hafi verið gerð frá upphaflegri stefnu. Skriflegar breytingar hafi verið gerðar fyrir árið 2000 og aftur í árslok 2002. Allar fjárfestingastefnurnar séu óundirritaðar svo ógerlegt sé að halda því fram að við úrlausn málsins verði að leggja hina fyrstu til grundvallar. Af endurritum símtala og yfirlýsingum starfsmanna varnaraðila sé ljóst að sóknaraðila og eiginkonu hans hafi verið ljós sú fjárfestingastefna, sem fylgt hafi verið á hverjum tíma, og hafi ekki verið farið út fyrir hana.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt samningi aðila sé honum veitt fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt meðfylgjandi fjárfestingarstefnu. Ráðist efni umboðsins af þeirri fjárfestingastefnu sem í gildi hafi verið á hverjum tíma. Hafi sóknaraðili engar athugasemdir gert við þá stefnu sem fylgt hafi verið hverju sinni. Hins vegar hafi sóknaraðili einhverju sinni gert athugasemdir við ávöxtun og einstök viðskipti.

Varnaraðili telur að líta verði svo á að náíð samráð við sóknaraðila og eiginkonu hans og athugasemdalaus framkvæmd varnaraðila frá því í apríl 1998 þar til skýr og ótvíræð fyrirmæli hafi komið frá þeim hjónum í símtölum 30. desember 2002 og 10. janúar 2003 um að halda safninu óbreyttu feli í sér samþykki á þeim fjárfestingastefnum sem fylgt hafi verið. Beri símtölin, ásamt framlögðum yfirlýsingum starfsmanna varnaraðila, það með sér að mikið samband hafi verið milli aðila á samningstímanum. Að svo miklu leyti sem litið yrði svo á að varnaraðili hafi farið út fyrir umboð sitt verði enn fremur að telja sóknaraðila skuldbundinn við einstök viðskipti sökum athafnaleysis, enda hafi ekki verið gerðar athugasemdir af hans hálfu fyrr en 5. október 2004.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili gerir í málinu kröfu um að varnaraðili greiði honum kr. 35.979.725. Byggist krafan á matsgerð sem E., hefur unnið að beiðni sóknaraðila og lýsir að sögn mismuni á líklegri stöðu eignasafns sóknaraðila hinn 7. desember 2004 hefði fjárfestingastefnu með samningi aðila, dagsettum 31. mars 1998, verðið fylgt, og raunverulegri stöðu safnsins þann dag. Er niðurstaðan sögð grundvölluð á því að fjárfestingastefnu hafi ekki verið fylgt sem skyldi frá árslokum 1998 til 7. desember 2004.

Samkvæmt greindri fjárfestingastefnu, sem ekki virðist vera ágreiningur um að hafi verið hluti áður nefnds samnings aðila, skyldi 65% varið til kaupa á G., 30% til kaupa á hlutabréfum og 5% til kaupa á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum. Í fjárfestingastefnunni er sérstaklega tiltekið að kaupa skuli mikið í C, en lítið af almennum hlutabréfum. Í nefndu mati er komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hafi aðeins einu sinni á ofangreindu tímabili verið innan umsamdrar fjárfestingastefnu miðað við ársfjórðungslega stöðu safnsins.

Í mati E, er komist að þeirri niðurstöðu að meðalnafnávöxtun þeirra 65% eignasafnsins, sem vera áttu í G, hefði orðið 8,2% á ársgrundvelli frá 31. desember 1997 til 9. desember 2004, miðað við að fjárfest hefði verið í jöfnum hlutföllum í einstökum flokkum. Tekið er fram að ekki sé með öllu rétt að ætla að árlegur meðalvöxtur frá 31. desember 1998 til 9. desember 2004 hefði verið jafn mikill og frá 31. desember 1997 til 9. desember 2004. Hins vegar hafi ekki gefist tími til að skoða hver meðalvöxtur G, hafi í reynd verið á síðargreinda tímabilinu, sem ætlunin hafi verið að skoða, og sé því gengið út frá þeirri forsendur að línulegur meðalvöxtur á tímabilinu hafi verið 8,2%. Tekur E, fram að hafa skuli fyrirvara á niðurstöðu metinnar kröfu af þessum sökum.

Í annan stað kveður E, reynt að áætla árlegan meðalvöxt þeirra 35% eignasafns sóknaraðila, sem verja skyldi til kaupa á hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum, út frá vegnum meðalvexti Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands og meðalávöxtunar hlutabréfa í Bandaríkjum Norður-Ameríku frá ársbyrjun 1998 til ársloka 2003. Af matinu verður þó ekki annað ráðið en að fyrsta viðmiðunarárið sé 1999 en ekki 1998. Er miðað við að þessi hluti verðbréfasafns sóknaraðila hefði skipst til helminga í annars vegar hlutabréf, sem fylgt hefðu þróun Úrvalsvísitölunnar, og hins vegar hlutabréf, sem fylgt hefðu meðalþróun bandarískra hlutabréfa. Hvergi er vikið að þróun C, sem kaupa skyldi mikið í samkvæmt nefndri fjárfestingastefnu. Er komist að þeirri niðurstöðu að reiknaður veginn árlegur meðalvöxtur íslenskra og erlendra hlutabréfa frá því í ársbyrjun 1998 til ársloka 2003 hafi verið 9,68%. Tekið er sérstaklega fram að þessi forsenda sé í besta falli matskennd og beri því að taka niðurstöðunni með fyrirvara. Þá sé heldur ekki tekið tillit til gengisáhættu.

Á grundvelli framangreindra forsenda er vegin meðalávöxtun heildarsafns sóknaraðila frá 31. desember 1998 til 7. desember 2004 reiknuð 8,72% og mismunur á stöðunni eins og hún hefði átt að vera að gefnum framangreindum forsendum og raunverulegri stöðu því kr. 35.929.740, að teknu tilliti til úttekta sóknaraðila.

Krafa sóknaraðila byggir samkvæmt framansögðu á fyrrgreindri matsgerð E, Er mat fyrirtækisins ýmsum annmörkum háð eins og rakið er hér að framan. Byggt er á ýmsum gefnum forsendum, sem ekki eiga sér að öllu leyti stoð í umsaminni fjárfestingastefnu, og gerðir fyrirvarar af hálfu fyrirtækisins sjálfs við útreikninga og niðurstöður. Þá er og til þess að líta að upphafstími við útreikning E, á nafnávöxtun miðast annars vegar við 31. desember 1997 og hins vegar ársbyrjun 1998. Varnaraðili tók hins vegar ekki við fjármunum til vörslu frá sóknaraðila fyrr en 3. apríl 1998 og þá kr. 50.000.000 og aftur kr. 10.000.000 3. júní 1998. Er og heldur ekki deilt um að varnaraðili hafi fylgt umsaminni fjárfestingastefnu árið 1998. Ennfremur skal þess getið að í útreikningi á kröfu sóknaraðila er miðað við lokadag 7. desember 2004. Virðist því í engu tekið tillit til þess að sóknaraðili mælti fyrir um það í ársbyrjun 2003 að varnaraðili hætti viðskiptum með þau verðbréf sóknaraðila sem hann hefði í vörslum sínum.

Samkvæmt framansögðu eru slíkir annmarkar á kröfugerð og málatilbúnaði sóknaraðila að ekki þykir unnt að taka málið til úrskurðar, sbr. og e-lið 6. gr. og 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 19. september 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, mánudaginn 19. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 7. júní 2005 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 31. maí 2005. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. júní 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 19. júlí 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. júlí 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 23. ágúst 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. ágúst og 2. og 19. september 2005.

II.

Málsatvik.

Með ódagsettum samningi málsaðila, sem virðist hafa verið gerður í ágústmánuði 2000, tók varnaraðili að sér að stofna fyrir sóknaraðila C, Skyldi félagið vera með heimilisfesti hjá varnaraðila D. Hlutfé þess skyldi vera samtals kr. 392.220.000 og er ekki ágreiningur um að sóknaraðili hafi greitt það innan umsamins tíma með 430.000 hlutum í E. Samkvæmt samningnum skyldu eignir umrædds C, vera í vörslu varnaraðila, auk þess sem hann skyldi annast eignastýringu félagsins.

Sóknaraðili veitti varnaraðila hinn 29. ágúst 2000 umboð til að stofna ofangreint félag í D, og gerði jafnframt hinn 31. sama mánaðar sérstakan samning við varnaraðila um rekstur félagsins þar í landi. Við stofnun fyrrgreinds C, voru allar eignir þess hlutabréf í ofangreindu E. Varð engin breyting á eignasamsetningu fyrrgreinds félags en gengi hlutabréfa í E, lækkaði stöðugt uns það varð gjaldþrota síðla árs 2002. Eru eignir C, sóknaraðila því eðli máls samkvæmt verðlausar.

Sóknaraðili kvartaði yfir ráðgjöf, vörslu og eignastýringu varnaraðila með bréfi lögmanns sóknaraðila til lögmanns varnaraðila, dagsettu 2. desember 2002, og krafðist greiðslu á kr. 392.220.000 að frádregnum yfirdrætti að fjárhæð kr. 10.000.000. Erindinu

var hafnað með bréfum lögmanns varnaraðila, dagsettum 13. janúar 2003 og 8. apríl 2003. Lögmaður sóknaraðila ítrekaði kröfu hans í bréfum til lögmanns varnaraðila, dagsettum 5. maí 2003 og 18. júní 2003.

Sóknaraðili beindi máli sínu til úrskurðarnefndar með kvörtun, mótttekinni 9. október 2003 (mál nr. G). Með stefnu, birtri 21. október 2003, höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila vegna ofangreindra viðskipta. Sóknaraðili höfðaði gagnsök með gagnstefnu, birtri 21. nóvember 2003, og var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 25. þess mánaðar. Máli því sem sóknaraðili rak fyrir úrskurðarnefndinni nr. G var vísað frá úrskurðarnefndinni 10. desember 2003 með vísan til þess að ágreiningur aðila væri til meðferðar dómstóla, sbr. d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2004 var gagnsök í máli aðila vísað frá dómi. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands sem staðfesti hann með dómi sínum 29. nóvember 2004. Með kvörtun, dagsettri 2. desember 2004, vísaði sóknaraðili máli sínu öðru sinni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. mál nr. H. Máli sóknaraðila var vísað frá úrskurðarnefndinni 18. febrúar 2005 á þeim grundvelli að ágreiningur aðila væri enn til meðferðar dómstóla þrátt fyrir að gagnsök sóknaraðila hefði verið vísað frá dómi.

Samkomulag náðist milli aðila um að ljúka dómsmáli varnaraðila á hendur sóknaraðila með því að sóknaraðili greiddi varnaraðila kr. 12.900.000 sem fullnaðargreiðslu á dómkröfum varnaraðila. Var greiðslan innt af hendi 15. maí 2005 og dómsmál aðila fellt niður að beiðni varnaraðila 24. maí 2005.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni á nýjan leik með kvörtun, dagsettri 31. maí 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 392.220.000, auk meðalvaxta banka og sparisjóða af innlánnum af þeirri fjárhæð frá 31. ágúst 2000 til 2. desember 2002 og dráttarvaxta af kr. 392.220.000 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati úrskurðarnefndarinnar.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við ráðgjöf, vörslu og eignastýringu verðbréfa sóknaraðila. Leiði það til bótaábyrgðar varnaraðila á öllu því tjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir. Sóknaraðili vísar m.a. til þess að engin greining hafi farið fram á áhættu hans. Þá hafi áhættu ekki verið dreift heldur öll bréf höfð í sama félaginu. Hafi ekki verið vakað yfir eignum sóknaraðila og engin markviss endurskoðun átt sér stað meðan þær voru í vörslu varnaraðila.

Sóknaraðili telur kvörtun sína nú tæka til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni þar sem héraðsdómsmál varnaraðila á hendur honum hafi verið fellt niður eftir að sóknaraðili greiddi varnaraðila samkvæmt samkomulagi kr. 12.900.000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að máli sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um frávísun styður varnaraðili í fyrsta lagi þeim rökum að hann sé ekki aðili að úrskurðarnefndinni þar sem hann sé banki í D, og hafi starfsleyfi þar í landi samkvæmt þarlandum lögum. Beri því að beina kvörtunum af þessu tagi til þar til bærra yfirvalda í því landi.

Í öðru lagi byggir varnaraðili aðalkröfu sína á því að sama ágreiningsefni hafi verið til meðferðar almennra dómstóla. Vísar varnaraðili í þeim efnum til d-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Í þriðja lagi telur varnaraðili að málið sé það óljóst, illa upplýst og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að vísa eigi málinu frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Vísar varnaraðili í þeim efnum til þess að gagnsök málsins hafi verið vísað frá dómi vegna vanreifunar.

V.

Niðurstaða.

Varnaraðili er sjálfstætt fjármálafyrirtæki skráð í D, og starfar samkvæmt þarlandum lögum samkvæmt starfsleyfi sem hann hefur fengið frá þar til bærum yfirvöldum í landinu. Varnaraðili á hvorki beina né óbeina aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og breytir þá engu hvernig eignaraðild að varnaraðila kunni að vera háttað.

Með vísan til framanritaðs, sbr. og 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, verður ekki hjá því komist að vísa málinu þegar af þessari ástæðu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 19. september 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, mánudaginn 24. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2005**:

**M
og
A
gegn
fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, og A, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. júní 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júní 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 14. júlí 2005. Bréfið var sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. júlí 2005, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. október 2005, var óskað eftir frekari upplýsingum frá varnaraðila og bárust þær með bréfi nefnds lögmanns, dagsettu 11. október 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 19. september og 24. október 2005.

II.

Málsatvik.

Þann 6. maí 2003 gerðu sóknaraðili M, og varnaraðili með sér svokallaðan einkaleigusamning um bifreiðina C. Segir í almennum skilmálum samningsins að hann sé í eðli sínu kaupleigusamningur á milli sóknaraðila sem leigutaka, varnaraðila sem leigusala og seljanda bifreiðarinnar. Með samningnum tók sóknaraðili M, ofangreinda bifreið á leigu til 15. maí 2005. Samkvæmt 1. gr. einkaleigusamningsins skyldi sóknaraðili leggja fram við undirritun og fyrir afhendingu bifreiðarinnar tryggingarfé hjá varnaraðila gegn afhendingu móttöku-kvittunar. Var féð sett til tryggingar efndum leigusamnings hvort heldur væri greiðslu leigugjalds eða öðrum efndum samkvæmt samningnum. Þá skyldi tryggingarfénu og varið til greiðslu endurkröfu seljanda við lok samningsins reyndist bifreiðin þá ekki í umsömdu ástandi.

Við undirritun samningsins lagði sóknaraðili fram umsamda tryggingu kr. 65.976 og fékk móttökukvittun. Á kvittuninni kemur fram að tryggingarféð verði endurgreitt eftir að bifreiðinni hefur verið skilað við lok leigutíma, eftir atvikum að teknu tilliti til umsamdra

frádráttarliða. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila var fénu ekki haldið sérgreindu í bókhaldi í félagsins eða ávaxtað með sérstökum hætti. Hafi það verið nýtt í rekstri félagsins með sama hætti og annað rekstrarfé þess.

Nefndum leigusamningi lauk á umsömdum tíma 15. maí 2005 og var sóknaraðila endurgreidd tryggingarfjárhæðin, kr. 65.976, án vaxta hinn 24. sama mánaðar. Mun sóknaraðili M, við það tækifæri hafa spurst fyrir um hvort tryggingaféð bæri innlánsvexti meðan það væri í vörslu varnaraðila. Með bréfi til þessa sóknaraðila, dagsettu 25. maí 2005, var því svarað til af hálfu varnaraðila að svo væri ekki.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 21. júní 2005.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili greiði þeim vexti, sem svari til vaxta af innlánsfé bundnu á sérreikningi til tveggja ára, af kr. 65.976 frá 6. maí 2003 til 6. maí 2005.

Sóknaraðilar kveða að ekki verði séð með góðu móti að varnaraðili hafi heimild til þess að stinga vöxtum af tryggingafé í eigin vasa, enda um eign sóknaraðila að ræða en ekki varnaraðila. Telja sóknaraðilar að varnaraðila hafi borið að varðveita féð á vörslureikningi meðan á leigutíma stóð og endurgreiða með vöxtum að leigutíma liðnum. Vísu sóknaraðilar m.a. í þessu sambandi til reglna um tryggingarfé leigusamninga og reglna um starfsemi fjármálafyrirtækja.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara „*að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla tryggingarfjárins hafi verið í fullu samræmi við lög.*“

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að ekki hafi verið samningssamband milli sín og sóknaraðila A, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verði því að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að engin meginregla sé til um að reikna beri vexti á tryggingafé. Þá hafi og verið óheimilt að verðtryggja samning aðila þar sem hann hafi verið til skemmri tíma en eins árs. Varnaraðili bendir á að ekkert hafi komið fram í einkaleigusamningi aðila, greiðslufirliti, sem geymi upplýsingar um lánsvexti og árlega hlutfallstölu kostnaðar, eða móttökukvittun sem benti til þess að reikna bæri vexti á umrætt tryggingafé. Þá kveður varnaraðili sig taka tillit til þess í ávöxtunarkröfu sinni að ekki séu reiknaðir vextir á það fé sem viðskiptavinir varnaraðila leggi fram sem tryggingu. Séu kjör í einkaleigusamningum við það miðuð að tryggingafé sé endurgreitt án vaxta við lok samningstíma. Sé ekki tekið stofn- eða lántökugjald af samningunum og byggist ávöxtun því eingöngu á vöxtum sem innheimtir séu. Loks tekur varnaraðili það fram að hann stundi ekki innlánastarfsemi, auk þess sem tölvukerfi hans séu ekki þannig úr garði gerð að þau geti haldið utan um innlánsvexti og útreikning á fjármagnstekjuskatti.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu krefjast sóknaraðilar nánar tilgreindra vaxta af tryggingafé að fjárhæð kr. 65.976., sem sóknaraðili M, lagði fram samkvæmt ákvæðum einkaleigusamnings hennar við varnaraðila og seljanda tiltekinnar bifreiðar. Krafist er vaxta frá 6. maí 2003 til 6. maí 2005.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá þar sem ekki sé samningssamband milli sóknaraðila A, og varnaraðila. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskipta-manns hins vegar enda sé samningssamband milli aðila. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili M, og varnaraðili voru aðilar að einkaleigusamningi þeim sem mál þetta á rætur að rekja til. Lagði sóknaraðili M, fram tryggingafé það sem um ræðir og fékk það endurgreitt. Sóknaraðili A, var ekki í samningssambandi við varnaraðila og getur því ekki haft uppi kröfu um greiðslu vaxta af tryggingafénu. Verður því að vísa kröfum hans á hendur varnaraðila frá úrskurðarnefndinni. Engar forsendur eru hins vegar til að vísa málinu í heild sinni frá nefndinni og verður krafa sóknaraðila M, því tekin til efnislegrar úrlausnar.

Til vara krefst varnaraðili þess „að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að varðveisla tryggingarfjárins hafi verið í fullu samræmi við lög.“ Skilja verður þessa varakröfu varnaraðila svo að hann krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Um meðferð, ávöxtun og endurgreiðslu tryggingarfjár hlýtur eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að fara eftir því hvernig um semst hverju sinni milli þess sem leggur fram féð og þess sem hefur það í vörslum sínum, enda mæli lög ekki fyrir á annan veg. Ekki er ágreiningur með aðilum um að engin ákvæði var að finna í einkaleigusamningi aðila eða móttökukvittun fyrir greiðslu tryggingarfjár þess, sem sóknaraðili M, lagði fram, um að féð skyldi bera vexti meðan það væri í vörslu varnaraðila. Kröfu sína um vexti af framlögðu tryggingafé getur sóknaraðili því ekki byggt á samningum sínum við varnaraðila. Þá verður ekki talið að um slíkt gildi almenn venja í viðskiptum eins og þeim sem hér um ræðir.

Engin almenn ákvæði eru í lögum um vexti af fé sem lagt hefur verið fram til tryggingar efdum eiganda fjárins. Í 3. másl. 4. tölul. 1. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36, 1994 segir hins vegar að tryggingarfé í vörslu leigusala skuli vera verðtryggt, en beri ekki vexti. Til hliðsjónar er bent á að í 1. mgr. 17. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99, 2004 er mælt fyrir um að fjármunir sem fasteignasali taki við í þágu annarra skuli varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi og renni vextir, sem á vörsluféð kunni að falla, til eiganda þess. Í þeim tilvikum er hins vegar um að ræða að fasteignasali tekur við fé á grundvelli kaupsamnings kaupanda og seljanda fasteignar sem hann á ekki aðild að sjálfur og verður þeim tilvikum því ekki jafnað til þess þegar aðilar samnings semja um það sín á milli að annar afhendi hinum fé til tryggingar réttum efdum af sinni hálfu. Í 1. mgr. 3. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 er mælt fyrir um að vexti skuli því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum.

Samkvæmt því sem að framan greinir verður réttur sóknaraðila til vaxta af tryggingafénu hvorki byggður á samning aðila né venju eða ákvæða í lögum. Með vísan til þessa og að öðru leyti þess sem að framan er rakið, svo og þeirrar meginreglu sem þykir mega leiða af 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38, 2001, verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila M.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að vísa kröfum sóknaraðila A, á hendur varnaraðila frá úrskurðarnefndinni, en hafna kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, A, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 24. október 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Vátryggingaeftirlitið · Suðurlandsbraut 6 · 108 Reykjavík · Sími: 568 5188 · Fax: 568 5253

Ár 2005, þriðjudaginn 20. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2005**:

**M
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 29. júlí 2005 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 28. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. júlí 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 19. ágúst 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. ágúst 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 30. ágúst 2005.

Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. október 2005, var óskað eftir afritum af símtölum aðila. Með bréfi, dagsettu 12. október 2005, sendi varnaraðili afrit af einu símtali aðila, en kvað aðrar upptökur af símtölum ekki vera til. Sóknaraðila var gefinn kostur á að koma að athugasemdum í tilefni af upptökunni með rafpósti nefndarinnar, dagsettu 23. nóvember 2005. Þær bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 5. desember 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 19. september, 24. október, 21. nóvember og 20. desember 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 24. október 2003 gerðu aðilar máls þessa með sér samning um eignastýringu. Tók varnaraðili að sér að stýra eignum sóknaraðila með tilfærslu á milli mismunandi tegunda verðbréfa eftir því sem tækifæri byðust á markaði. Skyldi varnaraðili ákveða hvaða verðbréf skyldu keypt og hvernig fjármunum sóknaraðila skyldi á annan hátt varið innan marka tilgreindrar fjárfestingastefnu. Samkvæmt henni skyldi safn sóknaraðila samanstanda allt að 100% af innlendum jafnt sem erlendum skuldabréfum og vaxtaberandi bréfum ásamt innlendum víxlum, og allt að 50% af innlendum og erlendum skráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum.

Samkvæmt 10. gr. samnings aðila skyldi varnaraðili fá fasta þóknun fyrir raunávöxtun upp að 8% á ári. Yrði raunávöxtun umfram 8% skyldi hlutur varnaraðila, auk fastrar þóknunar, vera fjórðungur þeirrar ávöxtunar sem umfram yrði. Fasta þóknun skyldi reikna mánaðarlega sem hlutfall af markaðsvirði safns sóknaraðila miðað við lokagengi hvers mánaðar. Árangursþóknun skyldi hins vegar reikna tvisvar á ári og miðast við 30. júní og 31. desember ár hvert. Varnaraðila var heimilt að draga þóknunina frá reikningi sóknaraðila.

Samhliða ofangreindum samningi aðila gaf sóknaraðili út skriflegt umboð til varnaraðila til að kaupa og selja verðbréf í sínu nafni.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 21. febrúar 2005, kvartaði sóknaraðili yfir stýringu varnaraðila á eignum sínum. Kvaðst hann fyrri hluta árs 2004 hafa óskað eftir því að ekki ættu sér stað viðskipti með hlutabréf hans nema með hans samþykki. Hafi þetta og verið ítrekað síðar, líklega í júlí sama ár. Að frumkvæði sóknaraðila hefðu verið keypt hlutabréf í C, í júlí 2004. Varnaraðili hafi hins vegar selt hluta af þeim bréfum í október 2004 og ennfremur bréf sóknaraðila í D, Hafi síðarnefndu viðskiptin verið bakfærð og kvaðst sóknaraðili þá í bréfinu ekki hafa viljað gera frekari ágreining um viðskipti með hlutabréfin í C, Þá kvartaði sóknaraðili undan árangurstengdri þóknun sem varnaraðili hafði tekið sér í árslok 2004.

Varnaraðili svaraði ofangreindu erindi með bréfi til sóknaraðila, dagsettu 16. mars 2005. Kvaðst varnaraðili hafa komið verulega til móts við kröfur sóknaraðila með niðurfellingu viðskipta með bréf í D, þar sem vafaatriði í samskiptum sóknaraðila við varnaraðila hafi verið afgreidd sóknaraðila í hag. Árangurstengd þóknun væri hins vegar í fullu samræmi við samning aðila. Taldi varnaraðili því ekki tilefni til frekari viðbragða af sinni hálfu.

Lögmaður sóknaraðila óskaði eftir frekari skýringum varnaraðila með bréfi til hans, dagsettu 18. maí 2005. Bárust þær með bréfi varnaraðila, dagsettu 21. júlí 2005.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. júlí 2005.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. Að varnaraðila verði *aðallega* gert að afhenda sóknaraðila hlutabréf í C, hf. að nafnverði kr. 318.588 en *til vara* að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 1.645.189 í skaðabætur vegna sölu hlutabréfa hans í nefndu hlutafélagi hinn 29. október 2004, ásamt dráttarvöxtum frá 18. júlí 2005 til greiðsludags.
2. Að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 1.974.871 eða aðra fjárhæð að mati nefndarinnar vegna oftekinnar árangursþóknunar hinn 31. desember 2004 ásamt dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Fyrri kröfu sína styður sóknaraðili þeim rökum að hann hafi gefið skýr fyrirmæli um að hlutabréf hans í C, skyldu ekki seld nema með hans samþykki, enda hafi hann af skattalegum ástæðum hugsað sér að eiga bréfin. Hafi varnaraðila í öllu falli mátt vera ljóst að sóknaraðili vildi vera með í ráðum ef selja ætti bréf í hans eigu. Verði að gera þá kröfu til fjármálafyrirtækja að þau taki tillit til óska viðskiptavina sinna. Sóknaraðili telur að með því að láta sölu á bréfum í D, ganga til baka hafi varnaraðili í raun viðurkennt réttmæti krafna hans. Sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir tjóni af völdum varnaraðila sem annað hvort megi bæta honum með því að afhenda honum hlutabréf að nafnverði kr. 318.588 í C, eða greiða honum skaðabætur, sem nemi mismuni á gengi umræddra hluta á

þeim degi sem kvörtun var lögð fram (17,20) og sölugengi þeirra hinn 29. október 2004 þegar bréfin voru seld (12,036). Nemur sú krafa hans kr. 1.645.189.

Áhrærandi síðargreinda kröfu sína kveðst sóknaraðili hafa talið yfirlit frá varnaraðila, dagsett 30. júní 2004, staðfesta að hlutabréfasafn hans væri á geymslureikningi, enda hafi hlutabréfaeign hans frá næstliðnum áramótum þá staðið óhreyfð og engin árangurstengd þóknun verið tekin. Þar sem engin árangursþóknun hafi verið reiknuð 30. júní 2004 sé ljóst að taka slíkrar þóknunar 31. desember 2004 sé ekki í samræmi við 10. gr. samnings aðila um eignastýringu og góðar viðskiptavenjur. Hefði varnaraðili fylgt ákvæðum samningsins og reiknað sér árangurstengda þóknun 30. júní 2004 hefði sóknaraðili getað gert sér grein fyrir að hlutabréf hans „*væru ekki á geymslureikning og getað hlutast sjálfur til um geymslu bréfanna.*“ Sökum þessa telur sóknaraðili að ekki hefði átt að taka ávöxtun hlutabréfa hans í D, og C, með í reikninginn þegar árangurstengd þóknun var reiknuð út 31. desember 2004. Eigi því að reikna þóknunina eins og bréfin hefðu ekki verið í eignastýringu varnaraðila frá 30. júní 2004 til og með 31. desember sama ár. Hefði varnaraðili þá ekki átt rétt til neinnar endurgreiðsluþóknunar og er því gerð krafa um að þóknun, kr. 1.974.871, verði endurgreitt að öllu leyti. Í öllu falli sé ljóst að þóknunin sé allt of há og ósanngjörn í garð sóknaraðila og sé því til vara gerð krafa um endurgreiðslu að álitum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst hafa fjárfest í samræmi við eignastýringarsamning aðila þegar hlutabréf sóknaraðila í C, voru seld 29. október 2004. Hafi varnaraðili á þeim tíma talið að fjármunir sóknaraðila yrðu betur ávaxtaðir með öðrum hætti. Hafi varnaraðili því í raun verið að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi aðila. Kveður varnaraðili gengi bréfa í umræddu hlutafélagi hafa lækkað enn frekar í nóvember og desember 2004.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi veitt honum fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa og selja verðbréf fyrir sína hönd í samræmi við þá fjárfestingastefnu sem ákvörðuð hafi verið í samningi aðila. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa óskað eftir því að hlutabréf hans í D, yrðu ekki seld nema haft yrði við hann samband. Hafi honum þá verið gerð grein fyrir því að ákvörðun um viðskipti lægi hjá varnaraðila, enda hlutverk hans samkvæmt samningi aðila. Hafi sóknaraðila verið bent á að ef vilji hans stæði til þess að færa hluta verðbréfa sinna yfir í vörslusafn yrði að gera það með formlegum hætti. Varnaraðili kveður rangt að sóknaraðili hafi gefið þau fyrirmæli að öll viðskipti með hlutabréf hans yrðu stöðvuð og þau færð úr eignastýringu yfir í vörslu. Þá sé það og rangt að sóknaraðili hafi haft forgöngu um viðskipti með verðbréf.

Varnaraðili mótmælir útreikningi sóknaraðila á skaðabótakröfu sinni. Sé þar hvergi tekið tillit til þess hagnaðar sem hann hafði af ávöxtun þess fjármagns sem losnaði við sölu bréfa í C, Þá hafi sóknaraðili vanrækt þá skyldu að takmarka tjón sitt.

Varnaraðili kveðst hafa haft heimild samkvæmt 10. gr. samnings aðila til að áskilja sér árangurstengda þóknun af ávöxtun eigna sóknaraðila. Hafi þetta verið gert í lok árs 2004. Hafi það enga þýðingu og skerði ekki rétt varnaraðila til að krefjast umræddrar þóknunar að hennar hafi ekki verið krafist um mitt ár 2004. Í ákvæði samningsins felist ekki skylda til að krefjast þóknunarinnar tvisvar á ári. Hafi varnaraðili í framkvæmd aðeins gjaldfært slíka þóknun einu sinni á ári, enda sé slíkt ávallt til hagsbóta fyrir viðskiptavinum og komi í veg fyrir áhrif skammtímasveiflna á þóknunina.

V.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið eru kröfur sóknaraðila tvenns konar. Annars vegar er um að ræða kröfu um afhendingu hlutabréfa í C, en til vara greiðslu skaðabóta vegna sölu varnaraðila á hlutabréfum í félaginu í trássi við meint fyrirmæli sóknaraðila. Hins vegar er krafist endurgreiðslu á árangurstengdri þóknun, kr. 1.974.871 sem varnaraðili tók sér í lok árs 2004. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sína um afhendingu hlutabréfa í C, eða til vara greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.645.189 styður sóknaraðili þeim rökum að bréfin hafi verið seld þrátt fyrir að hann hafi gefið fyrirmæli um að svo skyldi ekki gert. Óumdeilt er í málinu að aðilar þess gerðu með sér samning um eignastýringu hinn 24. október 2003. Tók varnaraðili þar að sér að stýra eignum sóknaraðila, þ.e. að færa þær milli mismunandi tegunda verðbréfa, innan marka fjárfestingastefnu sem tilgreind var í samningnum. Þá gaf sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa á verðbréfum í sínu nafni fyrir þá fjármuni sem varnaraðili hefði fengið og myndi fá afhenta á grundvelli samningsins, svo og m.a. til að innleysa verðbréf og selja. Ágreiningslaust er að ekki nýtur við neinna skriflegra gagna um meint fyrirmæli sóknaraðila um að ekki skyldi selja hlutabréf hans í C, án samþykkis hans, sem fela í sér takmörkun á fyrrgreindu umboði hans til varnaraðila. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er ennfremur ósannað gegn andmælum varnaraðila að slík fyrirmæli hafi verið gefin munnlega. Verður því ekki hjá því komist að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sú árangurstengda þóknun, sem varnaraðili tók sér í lok árs 2004, sé í fullu samræmi við ákvæði 10. gr. samnings aðila um eignastýringu. Getur sóknaraðili ekki byggt neinn rétt á því að varnaraðili hafi ekki tekið sér slíka þóknun 30. júní 2004. Þá eru engin efni til að fallast á að ekki hafi átt að taka tillit til hlutabréfa sóknaraðila í C, og D, og ávöxtunar þeirra við útreikning þóknunarinnar. Verður því ennfremur að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Með vísan til framanritaðs verður öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 20. desember 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 4. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Jón Magnússon.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2005**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 23. ágúst 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. ágúst 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 28. september 2005. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. september 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. október 2005.

Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. nóvember 2005, var óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum frá varnaraðila. Bárust umbeðin gögn með bréfi varnaraðila, dagsettu 9. desember 2005. Gögnin voru afhent sóknaraðila 9. desember 2005 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með rafpósti sóknaraðila, dagsettu 14. desember 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 24. október, 21. nóvember. og 20. desember 2005 og 3. og 4. janúar 2006.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur á undanförunum árum verið í ýmsum fjárhagsskuldbindingum gagnvart varnaraðila og eru þessar helstar:

1. Sóknaraðili var einn sex sjálfskuldarábyrgðaraðila að skuldabréfi, útgefnu 14. janúar 1997, af A, til varnaraðila, að fjárhæð kr. 5.000.000. Aðrir sem tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð voru B, C, D, E, og G. Vanskil urðu á greiðslu afborgana og var bréfið sent til innheimtu hjá H, sem sendi sóknaraðila 16. ágúst 2001. Nam gjaldfelldur höfuðstóll bréfsins þá kr. 1.045.557. Krafan var greidd upp af nefndum E, hinn 19. ágúst 2002. Var krafa þessi nr. 0002-003706 hjá H.

2. Sóknaraðili samþykkti til greiðslu víxil að fjárhæð kr. 2.000.000, útgefinn 24. ágúst 2000, af I. I, seldi varnaraðila víxilinn. Greiddist hann ekki á gjalddaga 24. nóvember 2000. Sóknaraðili greiddi kr. 250.000 upp í víxilskuldina 6. febrúar 2001. Sóknaraðili gerði 8. nóvember 2001 réttarsátt við varnaraðila þar sem hann lofaði að greiða eftirstöðvar skuldarinnar ásamt kostnaði hinn 19. mars 2002. Að beiðni varnaraðila var gert fjárnám í fasteign sóknaraðila 25. janúar 2005. Varnaraðili óskaði síðan eftir nauðungarsölu á eigninni. Krafa þessi var til lögfræðiinnheimtu hjá varnaraðila sjálfum og virðist bæði hafa verið nr. 0303-110660 og nr. 0303-010003.

3. Sóknaraðili var ábyrgðarmaður að tveimur skuldabréfum sem J, gaf út til varnaraðila. Bréfin voru sett í lögfræðiinnheimtu hjá H, Var önnur krafan nr. 0002-003696 felld niður og afskrifuð 11. desember 2002. Hin krafan er nr. 0002-000850 er uppgerð samkvæmt upplýsingum H.

4. Hinn 6. júlí 2001 sendi H. sóknaraðila innheimtubréf og krafði hann um greiðslu á víxli að fjárhæð kr. 4.900.000 sem C, hafði gefið út og var útgáfudagur 1. apríl 2001. Gjaldalagi var 1. maí 2001. Víxill þessi var samþykktur til greiðslu af A, en ábektur af sóknaraðila og G, Að undangenginni greiðsluáskorun óskaði varnaraðili þess að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila og fór það fram 8. apríl 2003. Hinn 24. mars 2004 greiddu sóknaraðili og C, hvor um sig kr. 75.000 inn á skuldina og voru eftirstöðvar hennar þá kr. 8.853.725. Krafa þessi var nr. 0002-003700 hjá H.

5. Sóknaraðili gaf hinn 24. mars 2004 út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 350.000 með sjálfskuldarábyrgð C. Bréfið lenti í vanskilum og var sent til innheimtu hjá H. Greiddi sóknaraðili upp vanskilin 6. ágúst 2004 og var krafan þá endursend varnaraðila. Krafa þessi var nr. 0002-004098 hjá H.

6. Nefndur C, gaf sama dag út skuldabréf að fjárhæð kr. 2.392.277 til varnaraðila hinn 24. mars 2004 og var sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldinni. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og var það sent til innheimtu hjá H. C, greiddi upp skuldina að fullu hinn 24. janúar 2005. Krafa þessi var nr. 0002-004099 hjá H.

Sóknaraðili mun hafa gengið til frjálsra samninga við lánardrottna sína á árinu 2003 og lagt fram tillögu þess efnis að hann greiddi 15% allra skulda sinna. Kveður sóknaraðila þetta hafa gengið eftir og hafi allir lánardrottnar, þ.á m. varnaraðili, samþykkt þessar tillögur hans. Þann 16. október 2003 sendi K, hjá H, svofelldan netpóst til sóknaraðila:

Það staðfestist hér með að O, (sic) hefur samþykkt frjálsa nauðasamninga (sic) M, um greiðslu á 15% af skuldum sínum við bankann í formi skuldabréfs að fjárhæð kr. 1.500.000,00 til 6 ára auk kr. 200.000,00 í útlagðan kostnað lögmanns sem skal greiðast innan mánaðar. Gangi þetta eftir mun ekki verða gengið að eftirstöðvum skulda M, við bankann.

Þá liggur fyrir í málinu ódagsett yfirlýsing L, H, f.h. varnaraðila, svohljóðandi:

Hér með staðfestist að N, (sic), hefur samþykkt frjálsa nauðasamninga (sic) M, um greiðslu á 15% af skuldum sínum við bankann.

Er samþykkt uppgjörsfjárhæð kr. 1.500.000, -einmilljónogfimmhundrað-þúsund-krónur (sic).

Uppgjörið fer þannig fram að gefin eru út tvö skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 2.700.000. Annað bréfið er að fjárhæð kr. 1.350.000 (sic) til 6 ára, greiðandi C, en sjálfsskuldarábyrgð-ar--aðili (sic) er M, en hitt bréfið er að fjárhæð kr. 350.000 til 5 ára, greiðandi er M, og sjálfsskuldarábyrgðarmaður (sic) er C. Eru heildarskuldir C, við N, (sic),kr. 1.200.000.

Hefur M, gert upp sinn kostnað vegna stimpilgjalda og lögfræðikostnaðar.

Svo sem fyrr er rakið gáfu C, og sóknaraðili út áður nefnd skuldabréf 24. mars 2004, sem nánar er lýst í 5. og 6. töluliðum hér að ofan. Þá liggur fyrir kvittun, dagsett sama dag, fyrir greiðslu sóknaraðila á stimpilkostnaði til H, vegna skuldabréfs þess sem hann gaf út að fjárhæð kr. 350.000. Andvirði bréfanna mun hafa runnið til greiðslu skulda við varnaraðila. Telur sóknaraðili að hann hafi þar með gert upp að fullu eldri skuldir sínar við varnaraðila, þ.m.t. ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila.

Varnaraðili hélt hins vegar áfram innheimtuaðgerðum gagnvart sóknaraðila vegna víxils þess, sem greint er frá í 2. tölulið hér að ofan, og sóknaraðili hafði samþykkt til greiðslu 24. ágúst 2000. Bað varnaraðili um fjárnám hjá sóknaraðila síðla árs 2004 og fór það fram 25. janúar 2005. Sóknaraðili hefur mótmælt frekari innheimtuaðgerðum varnaraðila þar sem hann telur sig að fullu hafa gert upp skuldir sínar við varnaraðila með síðastnefndu skuldabréfi. Varnaraðili kveður hins vegar uppgjör skulda sóknaraðila við sig og síðastgreind yfirlýsing fjallar um ekki hafa tekið til þeirrar skuldar sem bankinn hafði sjálfur til innheimtu á hendur sóknaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. júlí 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkennt verði að skuld sú „sem mál þetta varðar“ verði úrskurðuð niður fallin í samræmi við yfirlýsingu gefna af lögmannsstofunni H, fyrir hönd varnaraðila. Til vara gerir sóknaraðili þá kröfu að sér verði ekki gert að greiða meira en sem nemur 15% af umræddri skuld miðað við stöðu hennar á þeim degi er H, gaf nefnda yfirlýsingu.

Sóknaraðili kveður það skilning sinn að skuld sú sem mál þetta fjalli um sé niður fallin. Hafi hann gengið til samninga í því skyni að gera upp allar skuldir sínar við varnaraðila og hafi því verið eins hátað gagnvart öllum lánardrottnum. Vísar sóknaraðili í þessum efnum til yfirlýsinga K. og L. Segir hann orðalag yfirlýsinganna styðja þennan skilning hans, en þeir hafi unnið fyrir varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður fyrrgreint uppgjör sóknaraðila og C, hafa snúist um greiðslu á víxilkröfu nr. 303-63-103030. Hafi varnaraðili í október 2003 samþykkt tillögu um að sóknaraðili og C, greiddu hvor um sig 15% af kröfunni. Þegar gengið hafi verið frá

uppgjóri og útgáfu skuldabréfs í mars 2004 hafi krafan staðið í um kr. 9.000.000, sem þýtt hafi að hlutur hvors um sig væri kr. 1.350.000. Sóknaraðili og C, hafi hins vegar gert samkomulag sín á milli um að C, tæki á sig kr. 2.350.000 en M, kr. 350.000. Telur varnaraðili að uppgjórið hafi ekki getað náð yfir aðrar skuldir sóknaraðila þar sem greiðsla þeirra þriggja hefði þar með verið hærri.

Varnaraðili kveður rafpóst K, dagsettan 16. október 2003, ekki vera í samræmi við niðurstöðu sérstakrar nefndar sinnar um niðurfellingu einstaklingsskulda frá 2. október 2003. Hafnar varnaraðili því að uppgjör skulda frá því mars 2004 hafi tekið til víxils nr. 303-70-110660. Bendir varnaraðili í fyrsta lagi á að þá hefði greiðslan orðið mun hærri en sem nemi kr. 1.350.000. Í öðru lagi vísar varnaraðili til yfirlýsingar L, dagsettrar 26. september 2005, um að uppgjör aðila hafi eingöngu varðað þá kröfu sem hann hafi haft til innheimtu á þeim tíma sem uppgjórið hafi farið fram og hafi honum ekki á þeim tíma verið kunnugt um aðrar skuldir sóknaraðila við varnaraðila. Í þriðja lagi bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi á þessum tíma eingöngu verið að semja um ábyrgðarskuldir sínar vegna A. Í fjórða lagi kveður varnaraðili yfirlýsingar H, hafa takmarkast við þær skuldir sem til innheimtu voru hjá stofunni

V.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir óljósa kröfugerð sóknaraðila verður ljóslega ráðið af gögnum málsins að hún snýr að skuld vegna víxils að höfuðstóli kr. 2.000.000, útgefnum af I, 24. ágúst 2000. Þykir málið því nægilega skýrt til að taka megí það til efnislegrar úrlausnar.

Eins og áður er lýst snýst ágreiningur aðila um hverjar skuldir sóknaraðila voru gerðar upp við útgáfu skuldabréfa 24. mars 2004. Þegar sóknaraðili leitaði eftir samningum við lánardrottna sína á síðari hluta árs 2003 var varnaraðili annars vegar með til innheimtu víxil að fjárhæð kr. 2.000.000 (sjá tölul. 2 að ofan) sem sóknaraðili hafði samþykkt til greiðslu 24. ágúst 2000 og gefinn var út af I. Dómsátt hafði verið gerð um greiðslu víxilskuldarinnar 8. nóvember 2001. Víxillinn var nr. 110660. Krafan sem var til innheimtu hjá varnaraðila sjálfum virðist hins vegar bæði hafa verið nr. 0303-110660 og 0303-010003. Nam skuldin í ársbyrjun 2003 tæpum 3,1 m.kr. Hins hafði H, til innheimtu fyrir varnaraðila kröfu nr. 0002-003700 á hendur sóknaraðila vegna víxils að fjárhæð kr. 4.900.000, sem áður nefndur C, hafði gefið út 1. apríl 2001, og samþykktur var til greiðslu af A, og ábektur af sóknaraðila og G, (sjá tölul. 4 að ofan). Ekki verður séð að aðrar skuldir sóknaraðila hafi þá verið í vanskilum.

Í gögnum málsins kemur fram að útibússtjóri varnaraðila hafi 2. október 2003 sent rafpóst til annarra starfsmanna varnaraðila sem hafi haft með niðurfellingar einstaklingsskulda að gera. Fylgdi með póstinum viðhengi sem bar heitið „A. - úttekt“ og sagt er unnið í janúar 1999. Gerir útibússtjórinn tillögu um að sóknaraðili gefi út skuldabréf til sex ára að fjárhæð kr. 1.500.000 og C, annað bréf til fimm ára að fjárhæð kr. 1.200.000. Síðan komi hluti frá aðalbanka vegna G,. Láti þá nærri að verið sé að gera upp 15% hjá hverjum og einum eða nærri 45%. Í rafpóstinum kemur fram að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá þremmenningunum og sé málið „líklega algjörlega ónýtt“. Samkvæmt gögnum málsins virðist varnaraðili hafa fallist á þessa tillögu. Fylgiskjal með rafpóstinum hefur ekki verið lagt fyrir nefndina og verður því ekki glögglega ráðið hverjar skuldir hafa legið til grundvallar tillögunni. Þá hefur engin skýring fengist á því hvers vegna sóknaraðili skyldi greiða kr. 1.500.000 en nefndur C, kr. 1.200.000.

Þann 16. október 2003 sendi K, hjá H, fyrrgreindan rafpóst til sóknaraðila þar sem sagði að varnaraðili hefði samþykkt frjálsa nauðasamninga (sic) sóknaraðila um greiðslu á 15% af skuldum sínum við bankann í formi skuldabréfs að fjárhæð kr. 1.500.000 til 6 ára, auk kr. 200.000 í útlagðan kostnað lögmanns, sem greiðast skyldu innan mánaðar. Gengi þetta eftir myndi ekki verða gengið að eftirstöðvum skulda sóknaraðila við varnaraðila. Ekki var gerð frekari grein fyrir um hvaða skuldir sóknaraðila væri að ræða né gerður fyrirvari um að einungis væri um að ræða skuldir sem til innheimtu væru hjá lögmanninum.

Rúmum fimm mánuðum síðar eða 24. mars 2003 greiddu sóknaraðili og C, hvor um sig kr. 75.000 inn á kröfu nr. 0002-003700. Gaf sóknaraðili jafnframt út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 350.000 og C, annað að fjárhæð kr. 2.350.000. Eru aðilar sammála um að skiptingin hafi verið með þessum hætti í samræmi við samkomulag þeirra tveggja. Kveður sóknaraðili það vera sökum þess að hann hafi tekið að sér greiðslu annarra sameiginlegra skuldbindinga þeirra C.

Þegar varnaraðili hélt síðla árs 2004 áfram innheimtuaðgerðum vegna víxils, útgefins 24. ágúst 2000 af I, gerði sóknaraðili athugasemdir við það. Varnaraðili kvað samkomulag um uppgjör skulda hins vegar hafa verið vegna A, en ekki I.

Með ódagsettri yfirlýsingu, sem L, gaf út fyrir hönd varnaraðila, kemur fram að varnaraðili hafi samþykkt frjálsa nauðasamninga (sic) sóknaraðila um greiðslu á 15% af skuldum sínum við varnaraðila. Væri samþykkt uppgjörsfjárhæð kr. 1.500.000 og færi uppgjórið þannig fram að gefin yrðu út tvö skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 2.700.000. Yrði sóknaraðili greiðandi að öðru bréfinu að fjárhæð kr. 350.000 en í sjálfskuldarábyrgð á hinu að fjárhæð kr. 2.350.000 (ekki 1.350.000 eins og misritast hefur í yfirlýsingunni). Þá kom jafnframt fram að sóknaraðili hefði gert upp kostnað vegna stimpilgjalda og lögfræðikostnaðar. Samkvæmt fyrirliggjandi kvittun var stimpilkostnaður greiddur 24. mars 2004.

Samkvæmt framansögðu er það skilningur varnaraðila að uppgjör 24. mars 2004 hafi eingöngu tekið til ábyrgðarskuldbindinga sóknaraðila vegna A. Styður heiti viðhengis við áður nefndan rafpóst útíbússtjóra varnaraðila þann skilning, auk þess sem viðhengið er sagt gert á árinu 1999 eða áður en umþrættur víxill var gefinn út 24. ágúst 2000. Á hinn bóginn ber að líta til þess að varnaraðili hefur ekki afhent úrskurðarnefndinni umrætt viðhengi og engar viðhlítandi skýringar gefið á þeim mismuni sem er á þeim uppgjörsfjárhæðum sem lagt var til að sóknaraðili greiddi annars vegar og C, hins vegar. Þá hafa rafpóstur K, 16. október 2003, og sér í lagi yfirlýsing L, sem rituð eru f.h. varnaraðila, ekki að geyma neina fyrirvara um tiltekna skuldir sóknaraðila við varnaraðila umfram aðrar. Hafi pósturinn og yfirlýsingin eingöngu átt að taka til þeirrar skuldakröfu sem H, hafði til innheimtu á þeim tíma er í öllu falli ljóst að orðalag yfirlýsingarinnar er óljóst og til þess fallið að valda misskilningi. Hafi vilji varnaraðila verið sá að skuldauppgjör sóknaraðila næði eingöngu til skuldar samkvæmt víxli samþykktum af A, en ekki annarra skulda, þ.m.t. samkvæmt víxli útgefnum af I, er ljóst að nefndur rafpóstur og yfirlýsing ganga lengra en vilji hans stóð til. Verður varnaraðili að bera hallann af óskýru orðalagi yfirlýsinga lögmanns sinna um þessi efni, enda stóð það þeim og varnaraðila nær að haga orðavali þannig að ekki færi á milli mála, að yfirlýsingunum væri eingöngu ætlað að taka til einstakra skuldbindinga sóknaraðila gagnvart varnaraðila en ekki annarra, eins og varnaraðili heldur nú fram. Verður því að líta svo á að með útgáfu skuldabréfa, 24. mars 2004, og ráðstöfun andvirðis þess til

varnaraðila hafi skuld sóknaraðila samkvæmt vixli, útgefnum af Íslandi öllu ehf. 24. ágúst 2000, verið greidd að 15 hundraðshlutum og geti varnaraðili ekki krafist frekari greiðslu úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til alls þess er að framan greinir verður ekki hjá því komist að viðurkenna að skuld sóknaraðila samkvæmt síðastgreindum vixli sé niður fallin.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að skuld sóknaraðila samkvæmt vixli, útgefnum af I, 24. ágúst 2000, að fjárhæð kr. 2.000.000, samþykktum til greiðslu af sóknaraðila, er niður fallin.

Reykjavík, 4. janúar 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Jón Magnússon

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 8. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2005**:

M.
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 26. september 2005 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. september 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 17. október 2005. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. október 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 25. október 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. nóvember 2005, 20. desember 2005, 3. janúar 2006 og 8. febrúar 2006.

II.

Málsatvik.

Hinn 29. mars 1999 gaf M, út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.200.000. Skyldi bréfast endurgreiðast á 20 árum með 240 mánaðarlegum afborgunum. Í skuldabréfinu var m.a. mælt fyrir um að skuldari skyldi greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu í samræmi við gjaldskrá varnaraðila hverju sinni. Með yfirlýsingu, dagsettri 25. maí 2005 tók sóknaraðili að sér að greiða skuldabréfið og samþykkti varnaraðila yfirtöku skuldarinnar. Skyldu öll ákvæði sóknaraðila gilda óbreytt gagnvart sóknaraðila. Yfirlýsingarinnar var getið á frumriti skuldabréfsins. Hinn 28. mars 2000 gaf M, út annað skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 3.000.000. Skyldi bréfast einnig endurgreiðast á 20 árum með 240 mánaðarlegum afborgunum. Í skuldabréfinu var m.a. mælt fyrir um að skuldara bæri á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu í samræmi við gjaldskrá varnaraðila hverju sinni. Með annarri yfirlýsingu, dagsettri 25. maí 2005 tók sóknaraðili að sér að greiða skuldabréfið og samþykkti varnaraðila yfirtöku skuldarinnar. Skyldu öll ákvæði sóknaraðila gilda óbreytt gagnvart sóknaraðila. Yfirlýsingarinnar var getið á frumriti skuldabréfsins.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 28. ágúst 2005, krafðist sóknaraðili þess að greiðslu- og tilkynningargjöld af nefndum skuldabréfum yrðu felld niður og þegar greidd gjöld endurgreidd ásamt dráttarvöxtum. Varnaraðili mun ekki hafa svarað erindinu. Sóknaraðili greiðir nú kr. 190 í tilkynningargjald við hverja afborgun af bréfi nr. 021013 og kr. 490 af hverri afborgun af bréfi nr. 021459. Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 26. september 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar undan seðilgjöldum og sambærilegum kostnaði við greiðslu afborgana af ofangreindu skuldabréfi. Kveðst hann ávallt greiða afborganir og vexti á starfstöð varnaraðila en sé þrátt fyrir það krafinn um greiðslu svokallaðs tilkynningar- og greiðslugjalds til viðbótar afborgunum, vöxtum og vísitöluálagi. Sóknaraðili vísar til ákvæða laga um neytendakaup nr. 48, 2003, sérstaklega 39. gr. um að kaupverð skuli greitt í atvinnustöðu seljanda. Þá sé það grunnregla kröfuréttar að það sé á ábyrgð seljanda að gefa út reikning og senda til neytanda. Geti hann ekki krafist viðbótarþóknunar fyrir það.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður greiðsluseðil lið í innheimtu skulda en sé ekki reikningur. Séu seðilgjöld til þess að mæta kostnaði við útgáfu greiðsluseðils, sem sé liður í innheimtu kröfu, og hluti þess kostnaðar sem á greiðsluseðli sé einu nafni nefnt tilkynningar- og greiðslugjald. Hafi sóknaraðili samþykkt að greiða þennan kostnað þegar til lántökunnar var stofnað. Varnaraðili telur ákvæði laga um neytendakaup nr. 48, 2003 ekki eiga við í málinu.

V.

Niðurstaða.

Í 4. tölul. fyrrgreindra skuldabréfa er staðlað ákvæði þess efnis að sóknaraðili greiði allan kostnað við innheimtu skuldarinnar samkvæmt gjaldskrá varnaraðila hverju sinni. Hefur sóknaraðili þar með skuldbundið sig til að inna umræddan kostnað af hendi. Samkvæmt gildandi gjaldskrá varnaraðila innheimtir hann við greiðslu af skuldabréfum tilkynningar- og greiðslugjald við hverja greiðslu hjá gjaldkera kr. 490 en kr. 190 við hverja skuldfærslu af reikningi. Að mati úrskurðarnefndarinnar samræmist gjaldtaka þessi ákvæðum skuldabréfsins þótt orðalag þess gæti verið skýrara. Hefur ekki verið sýnt fram á að fjárhæð þóknunarinnar sé óeðlileg eða ósanngjörn, en úrskurðarnefndin hefur heldur engar forsendur til að meta hvort svo sé.

Ákvæði laga um neytendakaup, nr. 48, 2003, eiga ekki samkvæmt orðum sínum við um afborganir af skuldabréfum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, og verður meintur réttur sóknaraðila heldur ekki byggður á meginreglum þeirra. Þess utan öðluðust lögin ekki gildi fyrr en 1. júní 2003 eða löngu eftir útgáfu umræddra skuldabréfa.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komið að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 8. febrúar 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Sölvi Sölvason

Sérálit

Geirs Arnars Marelssonar og Írisar Aspar Ingjaldsdóttur

Í máli því sem hér er til meðferðar hjá nefndinni gerir sóknaraðili þá kröfu að seðilgjöld verði felld niður og úrskurðuð ólögmat þegar skuldari sér sjálfur um að koma greiðslu til starfsstöðvar seljanda. Vísar sóknaraðili þessu til stuðnings til ákvæða laga um neytendakaup nr. 48, 2003 en í 3. mgr. 37. gr. þeirra laga, er sérstaklega tekið fram að seljandi geti ekki til viðbótar kaupverði krafist þóknunar úr hendi kaupanda fyrir að gefa út og senda reikning.

Varnaraðili andmælir röksemdum sóknaraðila með því að greiðsluseðill sé ekki reikningur sendur gjaldanda heldur liður í innheimtu skuldar. Varnaraðili getur þess hinsvegar ekki, né sýnir fram á að sóknaraðili fái sendan reikning í öðru formi. Sóknaraðili lagði fram greiðsluseðla vegna afborgana í september 2005 af báðum skuldabréfunum. Greiðsluseðlarnir eru gefnir út af varnaraðila og sést á öðrum þeirra að tekið er svokallað “tilkynningar- og greiðslugjald” að fjárhæð kr. 490 en sama gjald er kr. 190 á greiðsluseðlinum vegna hins skuldabréfsins. Í greinargerð varnaraðila eru tilkynningar og greiðslugjöld skilgreind nánar, en þar segir: *“seðilgjöld eru ekki gjaldtaka sem varðar útgáfu reiknings heldur gjaldtaka til þess að mæta kostnaði við útgáfu greiðsluseðils, sem er liður í innheimtu kröfu, og er hluti þess kostnaðar sem á greiðsluseðlinum er nefnt einu nafni “tilkynningar- og greiðslugjald”.*

Í gjaldskrá varnaraðila er fjallað um “tilkynningar- og greiðslugjöld” af skuldabréfum. Tilkynningar og greiðslugjöld sundurliðast svo:

“2.2.8. Tilkynningar og greiðslugjald.

2.2.8.1 Kostnaður við hverja greiðslu hjá gjaldkera 490. kr.

2.2.8.2 Kostnaður við hverja greiðslu án útprentunar. 415. kr.

2.2.8.3 Kostnaður við hverja skuldfærslu af reikningi 190. kr.”

Í greinargerð varnaraðila dagsettri 17. október 2005 vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi samþykkt að greiða umkvörtuð gjöld þegar stofnað var til lántökunnar. Sóknaraðili hafi undirritað tvö veðskuldabréf þar sem eftirfarandi komi fram:

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu í samræmi við gjaldskrá [varnaraðila] á hverjum tíma.

Í bréfi sóknaraðila til nefndarinnar, dagsettu 31. október 2005, er vísað til þess að skilmálar varnaraðila séu takmarkandi og íþyngjandi gagnvart lántakanda. Lántakendur eigi sér ekki annara kosta völ en að samþykkja óeðlilega og ólögmatá skilmála við

lántöku. Sóknaraðili bendir á að slíkir skilmálar þurfi ekki að vera bindandi fyrir aðila og vísar því til stuðnings til 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936.

Ákvæði skuldabréfsins er hluti af stöðluðum samningsskilmála sem saminn er einhliða af varnaraðila. Það er mat minnihluta nefndarinnar að ákvæðið sé mjög opið þar sem vísað er til gjaldskrár varnaraðila eins og hún er á hverjum tíma. Þetta veitir varnaraðila opna heimild til að hækka gjaldskrá án þess að takmarkanir séu á því. Kostnaðurinn er ekki sundurgreindur í gjaldskránni og enginn möguleiki fyrir sóknaraðila að meta hvort um raunverulegan kostnað er að ræða hjá varnaraðila. Telur minnihluti nefndarinnar þessa framsetningu ósanngjarna og andstæða góðum viðskiptaháttum.

Meginregla kröfuréttar er, bæði í kaupum og vegna annarra viðskipta, að greiðslustaður peningagreiðslu skuli vera hjá kröfuhafa. Í viðvarandi viðskiptum hafa málin hins vegar þróast þannig að fáir greiða mánaðarlega reikninga á atvinnustöð kröfuhafa heldur nota til þess aðrar leiðir, t.d. fá senda greiðsluseðla eða greiða í gegnum heimabanka. Þessu fylgir kostnaður sem kröfuhafinn innheimtir hjá skuldaranum. Engu að síður hlýtur sá réttur skuldarans enn að vera fyrir hendi að greiða á atvinnustöð kröfuhafa án þess að verða fyrir kostnaði af því enda hafa meginreglur kröfuréttar ekki breyst hvað þetta varðar.

Í málinu sem hér er til umræðu er sóknaraðila veitt afar takmarkað val um með hvaða hætti hann greiðir afborganir sínar af skuldabréfinu. Ljóst er að mun fleiri og ódýrari valkostir eru í stöðunni til að innheimta skuld en að senda viðskiptavinum greiðsluseðla eða skuldfæra beint af reikningi. Sem dæmi um aðra kosti sem eru tæknilega mögulegir til að greiða skuld, auk þess að greiða á atvinnustöð kröfuhafa, má nefna að senda má viðskiptavini reikning með bankanúmeri sem viðskiptavinurinn getur lagt greiðsluna inn á. Einnig er hægt að fá reikning upp í heimabankanum og greiða hann þar án þess að fá greiðsluseðil sendan. Þá þekkist að viðskiptavini sé veittur aðgangur að lokaðri síðu þar sem hann getur skoðað reikninga sína og greitt þá án þess að tengsl séu við Reiknistofu bankanna.

Sóknaraðili heldur því fram að hann hafi greitt afborganir skuldabréfanna á starfsstöð varnaraðila og hefur því ekki verið mótmælt. Það verður því að teljast sannað að sóknaraðili hafi gert allt sem í hans valdi stendur til að forðast að valda sérstökum kostnaði vegna innheimtu. Það að greiða á atvinnustöð varnaraðila er þó ekki valkostur sem varnaraðili býður upp á þar sem samt sem áður er tekið tilkynningar- og greiðslugjald fyrir greiðsluna á sama hátt og hefði sóknaraðili notað greiðsluseðil og skuldfærslu til að greiða afborganir af skuldabréfunum. Þetta verður að telja að stangist á við meginreglur kröfuréttar.

Í lögum um neytendakaup er eins og áður segir mælt fyrir um að seljandi geti ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Fallist er á það með meirihluta nefndarinnar að það álítaefni sem hér er til umræðu falli ekki undir lög um neytendakaup. Engu að síður veitir umrædd grein laganna og skýringar með henni mikilvæga vísbendingu um vilja löggjafans. Í skýringum með greininni í frumvarpi til neytendakaupalaga segir m.a.: *“Reglan byggist á því að seljandinn eigi ekki að geta krafist neytandann um hærrí fjárhæð en sem nemur umsömdu verði söluhlutarins, en eðlilegra þykir að seljandinn beri þennan kostnað fremur en neytandinn. Ákvæðið fjallar ekki um annan kostnað en kostnað við útgáfu og sendingu reiknings, en annar kostnaður eða viðbót við kaupverð getur t.d. verið tengdur sendingu hlutar og verður hans heldur ekki krafist til viðbótar kaupverðinu, nema slíkt eigi sér stöð í samningi eða venju.”*

Löggjafinn metur það því svo að í neytendakaupum standi það seljandanum nær að bera kostnaðinn af sendingu reiknings. Minnihluti nefndarinnar telur að eðli málsins leiði til sömu niðurstöðu að því er varðar afborganir af lánum. Um er að ræða viðvarandi viðskiptasamband og er kröfuhafi almennt í betri aðstöðu til að vita hvað næsta afborgun skuli vera há. Eðlilegt er að kröfuhafi komi þeim upplýsingum til skuldara mánaðarlega með því að senda honum reikning án þess að taka gjald fyrir það. Þá telur minnihluti nefndarinnar eðlilegt að upplýsingar um bankareikning fylgi sem nota má til að greiða afborgunina inn á enda vandséð að það valdi kostnaði hjá varnaraðila sem réttlætjanlegt er að rukka sérstaklega fyrir.

Í 36. gr. laga nr. 7, 1936 segir: *“Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig”* Minnihluta nefndarinnar þykir sú framsetning varnaraðila á umræddu tilkynningar- og greiðslugjaldi að veita sóknaraðila ekki val um að greiða án kostnaðar auk þess að vísa í gjaldskrá sína í einhliða sömdum skilmála vera bersýnilega ósanngjarna og andstæða góðum viðskiptaháttum. Telur minnihluti nefndarinnar að ekki verði hjá því komist að víkja ákvæðinu í skuldabréfinu til hliðar í heild sinni með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936. Fellst minnihluti nefndarinnar á kröfur sóknaraðila og skal varnaraðili endurgreiða sóknaraðila þegar greidd tilkynningar- og greiðslugjöld.

Reykjavík, 8. febrúar 2006

Geir Arnar Marelsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, þriðjudaginn 21. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2005**:

M

gegn

Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. nóvember 2005 með kvörtun A, hrl. f.h. sóknaraðila, dagsettri 3. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. nóvember 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, hrl. dagsettu 30. nóvember 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. desember 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 7. desember 2005. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 3. janúar 2006, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Bárust þau með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 19. janúar 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. desember 2005, 3. janúar 2006, 8. febrúar 2006 og 21. mars 2006

II.

Málsatvik.

Hinn 7. september 2005 tók sóknaraðili þátt í getraunaleiknum C, sem D, starfrækja og taka til úrslita í íþróttakappleikjum, sbr. 23. gr. reglugerðar fyrir D. Giskaði sóknaraðili á úrslit tiltekinnar knattspyrnuleikja í E, og keypti í því skyni sjö miða af D, í gegnum heimasíðu félagsins, G, fyrir samtals kr. 82.000.

Með svokölluðum greiðslukvittunum var sóknaraðila tilkynnt að hann hefði fengið vinning á fjóra miða, samtals kr. 1.617.540, og voru vinningarnir greiddir inn á greiðslukortareikning sóknaraðila 8. september 2005 og hann lét millifæra yfir á bankareikning sinn síðar sama dag.

Með bréfi D, til sóknaraðila, dagsettu 15. september 2005, var sóknaraðila tilkynnt að félagið hefði bakfært síðastgreinda fjárhæð sem lögð hefði verið inn á

greiðslukortareikning hans 8. sama mánaðar. Byggðist sú ákvörðun á því að sóknaraðili hefði giskað á úrslit umræddra leikja eftir að þeim var lokið en slíkt væri óheimilt. Jafnframt kom fram að stuðull þeirra leikja sem um ræddi hefði verið færður niður í 1,0. Hinn 9. september 2005 skuldfærðu D, kr. 1.500.000 á greiðslukortareikningi sóknaraðila hjá varnaraðila en endurgreiddu jafnframt andvirði hina keyptu miða inn á reikninginn.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 30. september 2005, gerði lögmaður sóknaraðila athugasemdir við að síðastgreind fjárhæð hefði verið færð honum til úttektar á greiðslukortareikningi hans og óskaði leiðréttingar þar á. Kvað lögmaðurinn D, hvorki hafa heimild né samþykki sóknaraðila til úttektarinnar. Þá gerði lögmaður sóknaraðila og athugasemdir um þessi efni í bréfi til D, dagsettu 7. október 2005. Lögmaður varnaraðila hafnaði erindi sóknaraðila með bréfi, dagsettu 24. október 2005.

Hinn 19. október 2005 kvað eftirlitsmaður D, upp þann úrskurð að ákvörðun félagsins frá 8. september 2005 um að færa stuðul umræddra knattspyrnuleikja í E, niður í 1,0 væri staðfest.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 3. nóvember 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. Að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að bakfæra kr. 1.500.000 af greiðslukorti sóknaraðila þann 9. september 2005 og að félaginu sé óheimilt að leggja á og/eða innheimta vanskilagjald eða vexti vegna greindrar færslu.
2. Að varnaraðila verði gert að greiða kr. 1.500.000 inn á greiðslukortareikning sóknaraðila hjá H, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga (sic) nr. 38, 2001 frá 9. september 2005 til greiðsludags.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt a-lið 6. gr. viðskiptaskilmála varnaraðila hafi varnaraðili heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berist á kort hans og korthafi hafi samþykkt útgáfu á. Í því felist að korthafinn hafi fyrirfram samþykkt úttektina en sé hann ósáttur geti hann sett fram athugasemdir við reikningsyfirlit samkvæmt 7. gr. skilmálanna. Hafi sóknaraðili og gert það.

Sóknaraðili kveðst hafa greitt fyrir keypta miða með greiðslukorti sínu og samþykkt úttekt vegna þeirra kaupa. Hann hafi hins vegar aldrei samþykkt bakfærslu vinningsupphæðar að fjárhæð kr. 1.500.000 en ágreiningur sé milli D, og sóknaraðila varðandi kröfu félagsins um endurgreiðslu vinninga.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hefði átt að tilkynna sóknaraðila um beiðni D, um bakfærslu vinningsfjárhæðarinnar og leita eftir samþykki hans fyrir færslunni þar sem slíkt samþykki hafi ekki legið fyrir. Hafi umboð D, ekki náð til annars en að skuldfæra andvirði keyptru miða, auk þess sem heimild hafi verið til að greiða inn á kortareikning vinninga ef þeir féllu til.

Sóknaraðili kveður úrskurð eftirlitsmanns D, engu skipta um samningssamband sitt og varnaraðila, en að auki séu á úrskurðinum formlegir annmarkar og hann efnislega rangur. Sóknaraðili kveðst hafa tekið þátt í umræddum getraunaleik í góðri trú og hafi hann enga hugmynd haft um að leikjunum væri lokið eða hver úrslit þeirra hafi orðið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður ágreining milli sóknaraðila og D, vera sér með öllu óviðkomandi. Sé þáttur hans í málinu takmarkaður við milligöngu greiðslna milli þessara aðila. Telji sóknaraðili rétt sinn til umræddra vinninga óumdeildan eða að D, hafi farið út fyrir umboð sitt beri honum að sækja þann rétt sinn gagnvart því félagi. Vísar varnaraðili í þessum efnum til c-liðar 6. gr. almennra viðskiptaskilmála sinna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi veitt D, heimild til úttektar og færslna á greiðslukort sitt, m.a. greiðslu og bakfærslu vinninga í samræmi við reglur félagsins. Varnaraðili hafi borist fyrirmæli frá félaginu um að greiða vinninga inn á greiðslukortareikning sóknaraðila. Síðar hafi borist fyrirmæli um að bakfæra greiðslurnar og leggja kr. 82.000 inn á kortið. Hafi ástæða þeirrar beiðni verið sú að sóknaraðili hefði gerst brotlegur við reglur D, með því að giska á úrslit leikja eftir að þeim hafi verið lokið og hafi hann því ekki átt rétt til vinninganna. Sú staðreynd hafi hins vegar ekki uppgötvast fyrr en eftir að greiðslufyrirmælin höfðu verið gefin varnaraðila. Kveðst varnaraðili hafa talið ljóst að vinningarnir hefðu verið ranglega inntir af hendi og að sóknaraðila væri það fullljóst. Hafi hann því bakfært vinningana af greiðslukortareikningi sóknaraðila. Þá kveðst varnaraðili hafa talið staðfest með úrskurði eftirlitsmanns D, dagsettum 19. október 2005, að D, hefðu lögmeða heimild til að óska eftir bakfærslu vinninganna.

Varnaraðili bendir á að þátttaka sóknaraðila í getraunaleik D, og samþykki hans til notkunar á greiðslukorti sínu grundvallist á reglum D, Séu þær forsenda þess að sóknaraðili eigi rétt til vinninganna og hafi D, því haft heimild til að bakfæra vinninga vegna leikja þar sem kvartandi hafi haft rangt við og ekki virt leikreglur. Verði hér að hafa í huga að greiðsla og endurgreiðsla þátttökugjalds, greiðsla vinninga og bakfærsla hafi allt verið hluti af sömu viðskiptum milli sóknaraðila og D, og vinningarnir hafi verið greiddir og bakfærðir innan sama greiðslukortatímabils. Kveður varnaraðili að sér hafi því verið rétt að bakfæra vinninga í samræmi við fyrirmæli D, enda hafi verið ljóst að sóknaraðili hafi átti í viðskiptum við það félag og veitt því heimild til úttektar á greiðslukorti sínu.

Varnaraðili kveður að með því að gefa söluaðila upp greiðslukortanúmer sitt og fleiri upplýsingar þegar viðskipti eigi sér stað á netinu samþykki korthafi hlutaðeigandi viðskipti við söluaðila. Í því máli sem hér um ræði hafi sóknaraðili veitt D, þessa heimild. Hafi það félag nýtt heimildina einungis til færslna og úttekta vegna þeirra leikja sem giskað hafi verið á í greind sinn, þ.e. til skuldfærslu og endurgreiðslu þátttökugjalds og greiðslu vinninga og bakfærslu þeirra. Hafi heimild varnaraðila til að færa úttektirnar á greiðslukort sóknaraðila því verið vafalausar. Telji sóknaraðili að D, hafi farið út fyrir umboð sitt beri honum að beina erindi þar að lútandi til þess félags.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili gerir annars vegar þá kröfu að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að bakfæra kr. 1.500.000 af greiðslukorti hans og að varnaraðila sé óheimilt að leggja á og/eða innheimta vanskilagjald eða vexti vegna greindrar færslu. Hins vegar gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða kr. 1.500.000 inn á greiðslukortareikning sóknaraðila ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum.

Ágreiningur í máli þessu er til kominn vegna viðskipta sóknaraðila við D, sem eru félag stofnað til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, sbr. 1. gr. reglugerðar fyrir D. Eins og fyrir er rakið tók sóknaraðili þátt í getraunaleik á vegum félagsins og keypti miða í gegnum vef þess G, að kvöldi 7. september 2005. Ágreiningslaust er að sóknaraðili heimilaði úttekt af kortareikningi sínum fyrir andvirði hinna keyptu miða og voru úttektirnar færðar í þremur færslum, samtals kr. 82.000, þann sama dag. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti yfir greiðslukortareikning sóknaraðila var sama fjárhæð bakfærð í sjö færslum 15. september 2005. Hinn 8. september 2005 voru færðar í fjórum greiðslum samtals kr. 1.617.540, sem voru vinningar vegna leikja sem sóknaraðili hafði giskað rétt á kvöldið áður. Sama fjárhæð er færð í jafnmörgum færslum af greiðslukortareikningnum sama dag. Kemur það heim og saman við lýsingu sóknaraðila á því að hann hafi strax tekið fjárhæðina út af greiðslukortareikningi sínum. Hinn 9. september 2005 eru sóknaraðila færðar til úttektar kr. 1.500.000 og segir í texta við færsluna að um leiðréttingu sé að ræða. Af málatilbúnaði varnaraðila má ráða að hér sé um bakfærslu að ræða vegna greiddra vinninga frá 8. september 2005. Ekki hafa þó fengist skýringar á þeim mismuni sem er á samanlagðri fjárhæð greiddra vinninga annars vegar og fjárhæð sem sögð er bakfærð hins vegar.

Samkvæmt a-lið 1. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila skal afhenda kortumsókn til banka eða sparisjóðs, sem á aðild að varnaraðila og nefnist útgefandi. Annast varnaraðili útgáfu korta fyrir hönd útgefanda og á þeirra ábyrgð. Í a-lið 6. gr. skilmálanna er mælt fyrir um að varnaraðili hafi heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berist á kort hans og þau fjölskyldukort, sem hann hefur samþykkt útgáfu á og er korthafi ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum. Útgefandi, þ.e. banki eða sparisjóður, sendir korthöfum mánaðarlega reikningsyfirlit yfir úttektir sem ber að greiða viðkomandi útgefanda í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar eða næsta afgreiðsludag banka og sparisjóða séu þeir lokaðir þann dag, sbr. b-lið 6. gr. Hafi korthafi veitt útgefanda heimild til skuldfærslu úttektar á viðskiptareikning sinn verður hún gerð á eindaga, sbr. d-lið 6. gr.

Í 7. gr. greindra skilmála er gert ráð fyrir því að korthafi tilkynni útgefanda, þ.e. banka eða sparisjóði, hafi hann athugasemdir við reikningsyfirlit sitt. Ekki er ágreiningur um að sóknaraðili gerði athugasemdir við umþrætta færslu á reikning sinn. Í 7. gr. er enn fremur mælt fyrir um endurgreiðslu varnaraðila við nánar tilgreindar aðstæður þegar þjónusta sem greitt hefur verið fyrir er ekki innt af hendi. Samkvæmt b-lið 3. gr. skilmálanna telst korthafi hafa samþykkt hlutaðeigandi viðskipti með áritun á sölunótu eða innslætti á persónulegu innsláttarnúmeri. Er korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar hafa verið með því númeri, sbr. d-lið 3. gr.

Eins og áður greinir er mál þetta sprottið af þeirri ákvörðun eins söluaðila varnaraðila, D, að bakfæra að eigin sögn hluta af áður út greiddum vinningum til sóknaraðila. Kveða D, sóknaraðila hafa haft rangt við þá er hann tók þátt í getraunaleik félagsins og hafi honum því verið greiddir vinningar sem hann hafi ekki átt rétt til. Um þetta er efnislegur ágreiningur milli sóknaraðila og D, og er hann varnaraðila óviðkomandi. Verður heldur ekki leyst úr þeim ágreiningi í máli þessu. Það breytir því hins vegar ekki að bakfærsla greiddra vinninga eða skuldfærsla á kortareikning sóknaraðila getur ekki farið fram nema með heimild sóknaraðila eða a.m.k. skýrum ákvæðum í viðskiptaskilmálum sem sóknaraðili hefur samþykkt með einhverjum hætti.

Hvorki er að finna ákvæði um bakfærslu fjár sem greitt hefur verið inn á kortareikninga viðskiptavina í almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila né skilmálum til söluaðila varnaraðila. Um þetta eru heldur engin ákvæði í reglum D. Hafi D, ranglega greitt sóknaraðila vinninga sem hann hefur ekki átt rétt á verður að fara um þau efni samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár, enda liggja ekki fyrir almennir skilmálar eða samþykki sóknaraðila fyrir annarri meðferð mála. Ekki verður talið að sóknaraðili hafi veitt umræddum söluaðila aðrar heimildir til færslna á kortareikning sinn en sem nemur skuldfærslu andvirðis keyþra miða og til greiðslu hugsanlegra vinningsfjárhæða inn á reikninginn. Varnaraðila hefur því að mati úrskurðarnefndarinnar ekki tekist að sýna fram á að umræddur söluaðili, D, hafi haft heimild til að bakfæra áður greidda vinninga af greiðslukortareikningi sóknaraðila eða að sóknaraðili hafi með öðrum hætti samþykkt úttekt að fjárhæð kr. 1.500.000 hinn 9. september 2005.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að fallast verði á kröfur sóknaraðila með þeim hætti að bakfærðar skuli kr. 1.500.000 sem skuldfærðar voru á kreditkortareikning sóknaraðila 9. september 2005 og gera hann að öðru leyti eins settan og að sú færsla hefði aldrei átt sér stað. Skal því bakfæra önnur gjöld og kostnað af reikningnum sem rakin verða til umræddrar skuldfærslu.

Með greindri niðurstöðu er ekki tekin afstaða til réttmæti endurkröfu D, á hendur sóknaraðila eða viðskipta þeirra og uppgjors að öðru leyti enda er það utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bakfæra skal kr. 1.500.000 sem skuldfærðar voru á kreditkortareikning sóknaraðila, M, 9. september 2005, svo og önnur gjöld og kostnað þaðan í frá sem rakinn verður til þeirrar skuldfærslu.

Reykjavík, 21. mars 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, þriðjudaginn 21. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2005**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. nóvember 2005 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 3. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. nóvember 2005, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 30. nóvember 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. desember 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 7. desember 2005. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 3. janúar 2006, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Bárust þau með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 19. janúar 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. desember 2005, 3. janúar 2006, 8. febrúar 2006 og 21. mars 2006

II.

Málsatvik.

Hinn 7. september 2005 tók sóknaraðili þátt í getraunaleiknum C, sem D, starfrækja og taka til úrslita í íþróttakappleikjum, sbr. 23. gr. reglugerðar fyrir D, Giskaði sóknaraðili á úrslit tiltekinna knattspyrnuleikja í E, og keypti í því skyni 15 miða af D, í gegnum heimasíðu félagsins, G.

Með svokölluðum greiðslukvittunum var sóknaraðila tilkynnt að hann hefði fengið þrjá vinninga að fjárhæð kr. 96.750, kr. 8.560 og kr. 186.000, samtals kr. 291.310, sem greiddir voru inn á greiðslukortareikning sóknaraðila 8. september 2005, auk vinnings að fjárhæð kr. 1.151.040 sem greiddur var inn á bankareikning sóknaraðila.

Með bréfi lögmanns D, til sóknaraðila, dagsettu 26. september 2005, var sóknaraðili krafinn um endurgreiðslu síðastnefnda vinnings. Lögmaður sóknaraðila hafnaði þeirri kröfu fyrir hönd sóknaraðila með bréfi, dagsettu 7. október 2005.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 13. október 2005, gerði lögmaður sóknaraðila athugasemdir við að tvær skuldfærslur á greiðslukortareikningi hans frá 8. september 2005 að fjárhæð kr. 96.750 og 186.000 og óskaði leiðréttingar þar á. Kvað lögmaðurinn D, hvorki hafa heimild né samþykki sóknaraðila til úttektarinnar. Lögmaður varnaraðila hafnaði erindi sóknaraðila með bréfi, dagsettu 24. október 2005.

Hinn 19. október 2005 kvað eftirlitsmaður D, upp þann úrskurð að ákvörðun félagsins frá 8. september 2005 um að færa stuðul umræddra knattspyrnuleikja í E, niður í 1,0 væri staðfest.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 3. nóvember 2005.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

3. Að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að bakfæra þrjár greiðslur, kr. 96.750, kr. 8.560 og kr. 186.000, samtals kr. 291.310 af greiðslukorti sóknaraðila þann 8. september 2005.
4. Að varnaraðila verði gert að greiða kr. 291.310 inn á greiðslukortareikning sóknaraðila ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga (sic) nr. 38, 2001 frá 9. september 2005 til greiðsludags.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt a-lið 6. gr. viðskiptaskilmála varnaraðila hafi varnaraðili heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berist á kort hans og korthafi hafi samþykkt útgáfu á. Í því felist að korthafinn hafi fyrirfram samþykkt úttektina en sé hann ósáttur geti hann sett fram athugasemdir við reikningsyfirlit samkvæmt 7. gr. skilmálanna. Hafi sóknaraðili og gert það.

Sóknaraðili kveðst hafa greitt fyrir keypta miða með greiðslukorti sínu og samþykkt úttekt vegna þeirra kaupa. Hann hafi hins vegar aldrei samþykkt bakfærslu vinningsupphæðam samtals að fjárhæð kr. 291.310, en ágreiningur sé milli D, og sóknaraðila varðandi kröfu félagsins um endurgreiðslu vinninga.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hefði átt að tilkynna sóknaraðila um beiðni D, um bakfærslu vinningsfjárhæðarinnar og leita eftir samþykki hans fyrir færslunni þar sem slíkt samþykki hafi ekki legið fyrir. Hafi umboð D, ekki náð til annars en að skuldfæra andvirði keyptra miða, auk þess sem heimild hafi verið til að greiða inn á kortareikning vinninga ef þeir féllu til.

Sóknaraðili kveður úrskurð eftirlitsmanns D, engu skipta um samningssamband sitt og varnaraðila, en að auki séu á úrskurðinum formlegir anmarkar og hann efnislega rangur. Sóknaraðili kveðst hafa tekið þátt í umræddum getraunaleik í góðri trú og hafi hann enga hugmynd haft um að leikjunum væri lokið eða hver úrslit þeirra hafi orðið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður ágreining milli sóknaraðila og D, vera sér með öllu óviðkomandi. Sé þáttur hans í málinu takmarkaður við milligöngu greiðslna milli þessara aðila. Telji sóknaraðili rétt sinn til umræddra vinninga óumdeildan eða að D, hafi farið út

fyrir umboð sitt beri honum að sækja þann rétt sinn gagnvart því félagi. Vísar varnaraðili í þessum efnum til c-liðar 6. gr. almennra viðskiptaskilmála sinna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi veitt D, heimild til úttektar og færslna á greiðslukort sitt, m.a. greiðslu og bakfærslu vinninga í samræmi við reglur félagsins. Varnaraðili hafi borist fyrirmæli frá félaginu um að greiða vinninga inn á greiðslukortareikning sóknaraðila. Síðar hafi borist fyrirmæli um að bakfæra greiðslur að fjárhæð kr. 186.000 og kr. 96.570 og leggja kr. 21.000 inn á kortið. Varnaraðili kannast hins vegar ekki við bakfærslu á kr. 8.560 og sé sú bakfærsla ekki tilgreind á greiðslukortayfirliti sóknaraðila. Varnaraðili kveður ástæðu beiðni um bakfærslu hafa verið þá að sóknaraðili hefði gerst brotlegur við reglur D, með því að giska á úrslit leikja eftir að þeim hafi verið lokið og hafi hann því ekki átt rétt til vinninganna. Sú staðreynd hafi hins vegar ekki uppgötvast fyrr en eftir að greiðslufyrirmælin höfðu verið gefin varnaraðila. Kveðst varnaraðili hafa talið ljóst að vinningarnir hefðu verið ranglega inntir af hendi og að sóknaraðila væri það fullljóst. Hafi hann því bakfært vinningana af greiðslukortareikningi sóknaraðila. Þá kveðst varnaraðili hafa talið staðfest með úrskurði eftirlitsmanns D, dagsettu 19. október 2005, að D, hefðu lögmeta heimild til að óska eftir bakfærslu vinninganna.

Varnaraðili bendir á að þátttaka sóknaraðila í getraunaleik D, og samþykki hans til notkunar á greiðslukorti sínu grundvallist á reglum D, Séu þær forsenda þess að sóknaraðili eigi rétt til vinninganna og hafi D, því haft heimild til að bakfæra vinninga vegna leikja þar sem kvartandi hafi haft rangt við og ekki virt leikreglur. Verði hér að hafa í huga að greiðsla og endurgreiðsla þátttökugjalds, greiðsla vinninga og bakfærsla hafi allt verið hluti af sömu viðskiptum milli sóknaraðila og D, og vinningarnir hafi verið greiddir og bakfærðir innan sama greiðslukortatímabils. Kveður varnaraðili að sér hafi því verið rétt að bakfæra vinninga í samræmi við fyrirmæli D, enda hafi verið ljóst að sóknaraðili hafi átti í viðskiptum við það félag og veitt því heimild til úttektar á greiðslukorti sínu.

Varnaraðili kveður að með því að gefa söluaðila upp greiðslukortanúmer sitt og fleiri upplýsingar þegar viðskipti eigi sér stað á netinu samþykki korthafi hlutaðeigandi viðskipti við söluaðila. Í því máli sem hér um ræði hafi sóknaraðili veitt D, þessa heimild. Hafi það félag nýtt heimildina einungis til færslna og úttekta vegna þeirra leikja sem giskað hafi verið á í greind sinn, þ.e. til skuldfærslu og endurgreiðslu þátttökugjalds og greiðslu vinninga og bakfærslu þeirra. Hafi heimild varnaraðila til að færa úttektirnar á greiðslukort sóknaraðila því verið vafalausar. Telji sóknaraðili að D, hafi farið út fyrir umboð sitt beri honum að beina erindi þar að lútandi til þess félags.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili gerir annars vegar þá kröfu að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að bakfæra þrjár greiðslur, kr. 96.750, kr. 8.560 og kr. 186.000, samtals kr. 291.310 af greiðslukorti sóknaraðila þann 8. september 2005. Hins vegar gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða kr. 291.310 inn á greiðslukortareikning sóknaraðila ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum.

Ágreiningur í máli þessu er til kominn vegna viðskipta sóknaraðila við D, sem eru félag stofnað til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, sbr. 1. gr.

reglugerðar fyrir D, Eins og fyrr er rakið tók sóknaraðili þátt í getraunaleik á vegum félagsins og keypti miða í gegnum vef þess G, að kvöldi 7. september 2005. Ágreiningslaust er að sóknaraðili heimilaði úttekt af kortareikningi sínum fyrir andvirði hinna keyptu miða og voru úttektirnar færðar í allmörgum færslum þann sama dag. Hinn 8. september 2005 voru færðar í þremur færslum, samtals kr. 291.310, þ.e. kr. 96.750, kr. 8.560 og kr. 186.000, sem voru vinningar vegna leikja sem sóknaraðili hafði giskað rétt á kvöldið áður. Sama dag eru sóknaraðila færðar til úttektar kr. 186.000 og kr. 96.570. Af málatilbúnaði varnaraðila má ráða að hér sé um bakfærslu að ræða vegna greiddra vinninga frá 8. september 2005.

Samkvæmt a-lið 1. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila skal afhenda kortumsókn til banka eða sparisjóðs, sem á aðild að varnaraðila og nefnist útgefandi. Annast varnaraðili útgáfu korta fyrir hönd útgefanda og á þeirra ábyrgð. Í a-lið 6. gr. skilmálanna er mælt fyrir um að varnaraðili hafi heimild til að færa á reikningsyfirlit korthafa allar úttektir sem berist á kort hans og þau fjölskyldukort, sem hann hefur samþykkt útgáfu á og er korthafi ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum. Útgefandi, þ.e. banki eða sparisjóður, sendir korthöfum mánaðarlega reikningsyfirlit yfir úttektir sem ber að greiða viðkomandi útgefanda í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar eða næsta afgreiðsludag banka og sparisjóða séu þeir lokaðir þann dag, sbr. b-lið 6. gr. Hafi korthafi veitt útgefanda heimild til skuldfærslu úttektar á viðskiptareikning sinn verður hún gerð á eindaga, sbr. d-lið 6. gr.

Í 7. gr. greindra skilmála er gert ráð fyrir því að korthafi tilkynni útgefanda, þ.e. banka eða sparisjóði, hafi hann athugasemdir við reikningsyfirlit sitt. Ekki er ágreiningur um að sóknaraðili gerði athugasemdir við umþrætta færslu á reikning sinn. Í 7. gr. er ennfremur mælt fyrir um endurgreiðslu varnaraðila við nánar tilgreindar aðstæður þegar þjónusta sem greitt hefur verið fyrir er ekki innt af hendi. Samkvæmt b-lið 3. gr. skilmálanna telst korthafi hafa samþykkt hlutaðeigandi viðskipti með áritun á sölunótu eða innslætti á persónulegu innsláttarnúmeri. Er korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar hafa verið með því númeri, sbr. d-lið 3. gr.

Eins og áður greinir er mál þetta sprottið af þeirri ákvörðun eins söluaðila varnaraðila, D, að bakfæra að eigin sögn áður út greidda vinninga til sóknaraðila. Kveða D, sóknaraðila hafa haft rangt við þá er hann tók þátt í getraunaleik félagsins og hafi honum því verið greiddir vinningar sem hann hafi ekki átt rétt til. Um þetta er efnislegur ágreiningur milli sóknaraðila og D, og er hann varnaraðila óviðkomandi. Verður heldur ekki leyst úr þeim ágreiningi í máli þessu. Það breytir því hins vegar ekki að bakfærsla greiddra vinninga eða skuldfærsla á kortareikning sóknaraðila getur ekki farið fram nema með heimild sóknaraðila eða a.m.k. skýrum ákvæðum í viðskiptaskilmálum sem sóknaraðili hefur samþykkt með einhverjum hætti.

Hvorki er að finna ákvæði um bakfærslu fjár sem greitt hefur verið inn á kortareikninga viðskiptavina í almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila né skilmálum til söluaðila varnaraðila. Um þetta eru heldur engin ákvæði í reglum D, Hafi D, ranglega greitt sóknaraðila vinninga sem hann hefur ekki átt rétt á verður að fara um þau efni samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár, enda liggja ekki fyrir almennir skilmálar eða samþykki sóknaraðila fyrir annarri meðferð mála. Ekki verður talið að sóknaraðili hafi veitt umræddum söluaðila aðrar heimildir til færslna á kortareikning sinn en sem nemur skuldfærslu andvirðis keyptru miða og til greiðslu hugsanlegra vinningsfjárhæða inn á reikninginn. Varnaraðila hefur því að mati

úrskurðarnefndarinnar ekki tekist að sýna fram á að umræddur söluaðili, Íslenskar getraunir, hafi haft heimild til að bakfæra áður greidda vinninga af greiðslukortareikningi sóknaraðila eða að sóknaraðili hafi með öðrum hætti samþykkt tvær úttektir að fjárhæð kr. 186.000 og kr. 96.570 hinn 8. september 2005. Ekki verður hins vegar séð að kr. 8.560 hafi verið skuldfærðar á kreditkortareikning sóknaraðila.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að fallast verði á kröfur sóknaraðila með þeim hætti að bakfærðar skuli kr. 282.570 sem skuldfærðar voru á kreditkortareikning sóknaraðila 8. september 2005 og gera hann að öðru leyti eins settan og að sú færsla hefði aldrei átt sér stað. Skal því bakfæra önnur gjöld og kostnað af reikningnum sem rakin verða til umræddrar skuldfærslu.

Með greindri niðurstöðu er ekki tekin afstaða til réttmæti endurkröfu D, á hendur sóknaraðila eða viðskipta þeirra og uppgjörs að öðru leyti enda er það utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bakfæra skal kr. 282.570 sem skuldfærðar voru á kreditkortareikning sóknaraðila, M, 8. september 2005, svo og önnur gjöld og kostnað þaðan í frá sem rakinn verður til þeirrar skuldfærslu.

Reykjavík, 21. mars 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason